

Fær risasummu fyrir Creditinfo

Creditinfo Group er verðmetið á hátt í 30 milljarða króna af sjóðnum LLCP sem keypti meirihluta. Virði hlutar sem stofnandi seldi metinn á um 10 milljarða.

VIÐSKIPTI Kaupverð bandaríska framtakssjóðsins Levine Leichtman Capital Partners (LLCP) á meirihluta hlutafjár Creditinfo Group, móðurfélags Creditinfo á Íslandi, samsvarar því að íslenska félagið sé verðmetið á allt að 30 milljarða króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stærsti hluthafi sjóðsins samanstendur af afkomendum stofnanda IKEA-keðjunnar.

„Ég var í ökumannssætinu, færði mig yfir í farþegasætið og er núna kominn aftur í,“ segir Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, um aðkomu sína að félaginu eftir sölu. Eins og fram kom í tilkynningunni um kaupin í gær heldur Reynir sæti í stjórn og er jafnframt annar stærsti hluthafi félagsins eftir sölu. Reynir, sem átti fyrir 70 prósent hlut, heldur eftir 35 prósent hlut.

Kaupverðið er trúnaðarmál en samkvæmt heimildum Markaðarins miðar það við að fyrirtækið sé í heild sinni metið á 20-30 milljarða króna – endanleg fjárhæð veltur á ákveðnum fjárhagslegum markmiðum – og má því ætla að virði hlutarins sem Reynir selur sé allt að 10 milljarðar.

Creditinfo sérhæfir sig í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og ráðgjöf tengdri áhættumati og áhættustýringu fyrirtækja. Fyrirtækið var stofnað á Íslandi 1997 og hjá því starfa rúmlega 400 manns í yfir 30 starfsstöðvum um allan heim. Höfuðstöðvarnar eru á Höfðabakka en minnkandi vægi starfseminnar á Íslandi og nýtt eignarhald gæti á

Ég var í ökumannssætinu, færði mig yfir í farþegasætið og er núna kominn aftur í.

Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo



endanum breytt því. „Vægi starfseminnar á Íslandi hefur minnkað hægt og rólega í gegnum tíðina og það mun væntanlega halda áfram,“ segir hann. Reynir steig til hliðar sem forstjóri fyrir meira en þremur árum eftir að hafa staðið í brúnni í tuttugu ár. „Það má segja að ferlið hafi hafist þá vegna þess að ef þú ert bæði eigandi og forstjóri þá geturðu ekki selt fyrirtæki nema með því að selja sjálfan þig með. Kaupendur vilja ákveðinn stöðugleika,“ segir Reynir. Fyrir um einu og hálfu ári hófst síðan leit að kaupanda, sem taðist vegna kórónakreppunnar.

Kaupandinn LLCP er með um 11,7 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.500 milljarða króna, í stýringu og hefur fjárfest í yfir 90 fyrirtækjum. Reynir segir að einn stærsti hluthafinn í sjóðnum sé sænska Kamprad-fjölskyldan, afkomendur Ingvars Kamprad, stofnanda IKEA-keðjunnar. „Þetta eru alvöru fjárfestar,“ bætir Reynir við. – þfh / sjá Markaðinn

Mesta tap í sögu Elkem

VIÐSKIPTI Mesta tap í rekstrar-sögu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga varð á síðasta ári, en tapið nam 2,2 milljörðum króna.

Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem Ísland sem rekur verksmiðjuna, segir að miklar kostnaðarhækkunarir vegna herra raforkuverðs og lágt afurðaverð hafi skilað þeirri niðurstöðu.


„Landsvirkjun vill fá sambærilegt verð og aðrir raforkuframléiðendur í Evrópu. Það er skiljanlegt sjónarmið. Hins vegar viljum við líka fá sambærilegt verð og kaupendur í þeim löndum sem við berum okkur saman við, til að mynda í Noregi,“ segir Álfheiður. – thg / sjá Markaðinn

Alvotech fær um fimm milljarða

VIÐSKIPTI Liftækniyrirtækið Alvotech hefur lokið fjármögnun að jafnvirði 4,5 milljarða króna, en í þeim hópi sem leggur félaginu nú til fé eru íslenskir fjárfestar. Það er í fyrsta sinn sem innlendir fjárfestar, sem eru ekki hluti af stjórnendateymi félagsins, koma í eiginahópin.

Markaðsvirði Alvotech eftir þessa síðustu fjármögnun nemur um 2,4 milljörðum dala. Samtals hefur Alvotech sótt sér um 100 milljónir dala í nýtt hlutafé á fjórum mánuðum.

Með þeirri fjármögnun sem nú er lokið er talið að búið sé að tryggja rekstur fyrirtækisins fram að hlutafjárútbóði og skráningu á markað erlendis á árinu. – hae / sjá Markaðinn



Eftir heldur rólega daga í veðrinu er von á miklum breytingum sem fá fólk til að setja upp húfur og jafnvel vettlinga. Þetta ágæta fólk nýtti síðasta góðviðrisdaginn í bili til að viðra bæði börn og gæludyr í Hjómskálagarðinum. Veðurstofan hefur gefið út gula viðvörun fyrir fjögur svæði þar sem vindur mun blása af norðri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



KARDE MOMMU BÆRINN

YFIR 25.000 MIÐAR SELDIR!

SÝNINGAR Í ÁGÚST KOMNAR Í SÖLU

Þjóðleik húsíð



Gular viðvaranir hafa verið gefnar út víða um land. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bálhvasst víða um land í dag

VEÐUR Veðurstofa Íslands hefur gefið út gular viðvaranir fyrir fjögur spásvæði í dag, Faxaflóa, Breiðafjörð, Vestfirði og Strandir og Norðurland vestra.

» Víða er gert ráð fyrir allhvasstri norðanátt, en hvassviðri eða stormi um landið norðvestanvert síðdegis.

Varað er við hvassviðri eða stormi, snjókomu eða hrið og versnandi akstursskilyrðum, þá einkum á fjallvegum. Á Faxaflóa er spáð hvassviðri eða stormi og jafnvel staðbundnu roki og hrið á Snæfellsnesi. Snarpar vindhviður við fjöll. Varasamt fyrir bíla sem taka á sig mikinn vind.

Við Breiðafjörð, á Vestfjörðum á Ströndum og Norðurlandi vestra er útlit fyrir hvassviðri eða storm og snjókomu eða skafrenning. Versnandi akstursskilyrði og blint, einkum á fjallvegum. – hó

Vegrið verður sett upp á slysstað



Grjóti hefur nú verið komið fyrir í Áslandshverfi í Hafnarfirði þar sem mannlaustr bíll rann niður brekku og lenti svo á tveggja ára dreng á sunnudaginn var. Drengurinn hefur verið útskrifaður af gjörgæsludeild og er líðan hans sögð góð. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að komið sé í ferli að setja upp vegrið á svæðinu sem muni koma í veg fyrir að slys af þessu tagi geti átt sér stað þar aftur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Launin hjá forstjóra OR hækka um 370 þúsund

KJARAMÁL Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur ákveðið að hækka laun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra fyrirtækisins um 370 þúsund krónur á mánuði og eru þau nú orðin næri 2,9 milljónir króna.

Fyrir hækkunina, sem gildir frá nýliðnum mánaðamótum, voru forstjóra laun Bjarna 2.502.343 krónur. Þau eru nú orðin 2.872.669 krónur. Hækkunin, sem sögð er veitt að undangengnu mati á frammistöðu Bjarna í starfinu, nemur 14,8 prósentum.

Þá fær forstjórinn eingreiðslu upp á þrjár milljónir króna, vegna þess að launakjör hans hafa ekki verið uppfærð í tvö ár, eins og segir í samþykkt stjórnarinnar. Fyrirnefnd prósentuhækkun, að frátalinni eingreiðslunni, er um það bil í takti við hækkun launavísitölu á síðustu tveimur árum.

Í aðdraganda launahækkunar forstjórans fékk OR endurskoðun-



Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

» Mánaðarlaun Bjarna Bjarnasonar, forstjóra OR, eru nú 2.872.669 krónur. Til viðbótar fær hann þriggja milljóna króna eingreiðslu.

arfyrirtækið PWC til að vinna fyrir sig könnun á launum forstjóra og aðalframkvæmdastjóra í stóriðju- og veitustarfsemi annars vegar og hjá fyrirtækjum með yfir 40 milljarða króna í veltu hins vegar. Náði könnunin til 24 fyrirtækja. Kom þar fram að heildarlaun þessa hóps voru að meðaltali 4.159.000 krónur á mánuði í fyrra. – gar

Hefðu fremur kosið að geta lokið prófunum

Thelma, Birta og Saga voru í samræmdu prófi í íslensku þegar vefur Menntamálastofnunar hrundi. Þær segja aðstæðurnar hafa verið óþægilegar. Sálfræðingur segir ekki mikið hafa borið á alvarlegri vanlíðan í þessum aðstæðum.

MENNTAMÁL „Það er mjög skrítið að það hafi ekki verið séð fyrir því að svona gæti ekki gerst í miðju prófi af því að þetta var ekki að gerast í fyrsta skipti,“ segir Thelma Gunnarsdóttir, nemandi í níunda bekk í Hagaskóla.

Hún er ein þeirra sem var í samræmdu prófi í íslensku þegar vefur Menntamálastofnunar hrundi vegna álags í fyrradag, en það var þriðja árið í röð sem vefurinn hrundi í samræmdu prófi. Birta Ósk Kjartansdóttir, nemandi í Réttarholtsskóla og Saga Eldarsdóttir í Hagaskóla, voru einnig í prófinu og eru þær sammála Thelmu um að ganga hefði átt úr skugga um að vefurinn þylði álagið.

„Ég datt út af vefnum í miðju prófi og það var mjög óþægileg tilfinning,“ segir Birta, en henni tókst að komast aftur inn í prófið eftir nokkrar tilraunir. „Ég er ekki viss um að mér hefði endilega gengið betur ef þetta hefði ekki gerst en þetta var mjög óþægilegt,“ segir hún.

Hrun vefsins varð til þess að samræmdum prófum í bæði íslensku og stærðfræði sem nemendur áttu að þreya í gær og í dag varð að fresta. Stelpurnar eru allar sammála um að þær hefðu glaðar vilja ljúka því að þreya prófin í þessari viku, en ekki liggur enn fyrir nákvæm dagsetning prófdaga.

„Ég var búin að læra fyrir þessi próf alla helgina á undan og nú þarf ég að gera það aftur, í það minnsta rifja upp það sem ég var búin að læra,“ segir Thelma.

„Ég veit líka um krakka sem misstu af skiðaferðum og alls konar dóti til að læra fyrir þetta, sem er frekar fúlt,“ segir Saga og bætir við



Nemendur náðu ekki að ljúka samræmdu prófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það getur verið þroskandi að takast á við óvissu og átta sig á því að hlutirnir geta klikkað.

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla



að hún sé svekkt yfir því að hafa ekki getað klárað prófin í vikunni. „Sumum fannst gott að fá auka tíma til að læra en ég var búin að læra undir þessu próf,“ segir hún.

Thelma, Birta og Saga segjast ekki hafa upplifað streitu eða kvíða

en allar eru þær sammála um að aðstæðurnar hafi verið þirrandi. „Þetta vakti ekki upp kvíða hjá mér en veit að sumum fannst þetta dálítið erfitt,“ segir Birta.

Álfheiður Guðmundsdóttir, formaður fagdeildar sálfræðinga við skóla, segir ekki mikið hafa borið á því að nemendur hafi leitað til skólasálfræðinga vegna málsins. „Fólk er almennt ósátt við að tölvu-kerfið hafi klikkað en ég hef ekki heyrt af áhyggjum af líðan einstakra nemenda,“ segir hún.

Hún segir eðlilegt að þirringur myndist meðal nemenda og að aðstæðurnar skapi óvissu. „En það getur verið þroskandi að takast á við óvissu og átta sig á því að hlutirnir geta klikkað,“ segir Álfheiður. birnardrofn@frettabladid.is

FERMING FRAMUNDAN?



MYNDABÁS!

Partybúðin hefur tekið við rekstri tækjaleigunnar booth.is þar sem leigja má allskyns græjur fyrir partyíð!

SKJÁ NÁNAR Á BOOTH.IS



FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 534-0534
WWW.PARTYBUDIN.IS

WIZAR

20% AFSLÁTTUR



Verð frá

169.920 kr.

Verð áður 209.900 kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mál Steinbergs verður skoðað

LÖGREGLUMÁL Lögmannafélagið mun óska upplýsinga um mál Steinbergs Finnbogasonar, eins verjanda í morðmálinu í Rauðagerði, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær, en lögregla hefur krafist þess að hann verði kallaður til skýrslutöku vegna rannsóknarinnar.

„Vitnaskylda verjenda nær aldrei til atvika eða upplýsinga sem þeir hafa fengið vegna verjenda starfa. Það er þagnarskylda. Trúnadarskylda er ein sú mikilvægasta skylda sem lögmenn hafa í sínum störfum fyrir sína skjólstaðinga,“ segir Berglind Svavarsdóttir formaður Lögmannafélagsins og bætir við: „Ef einhvern veginn á að reyna að reka fleygi það eða kalla verjanda í skýrslutöku, þá þurfa að vera mjög veigamiklar ástæður fyrir því.“

Sjálfur segist Steinbergur ekki geta tjáð sig um efnisatriði málsins vegna trúnaðarskyldu. Aðspurður um hvort hann viti hvernig málið muni þróast segist hann ekki vita um það. Niðurstöðu er að vænta í dag. – þp



Harry og Meghan í viðtalinu fræga.

Krúnan ætlar að bregðast við

ENGLAND Fram kemur í yfirlýsingu sem send var frá Buckinghamhöll í gær að þær ásakanir sem fram komu í máli hertogahjónanna Meghan Markle og Harrys Bretaprins í viðtali þeirra við Oprah Winfrey verði teknar alvarlega.

Þar kom meðal annars fram að hjónin hafi fundið fyrir áhyggjum innan bresku konungsfjölskyldunnar af litarhætti sonar þeirra Archie.

„Þessar ásakanir hertogahjónanna af Sussex valda okkur áhyggjum og verða ræddar innan konungsfjölskyldunnar á næstu dögum,“ segir í yfirlýsingunni þar sem sagt er einnig að mikil væntumþykja sé í garð Harrys og Meghan innan fjölskyldunnar.

Því er ljóst að frekari yfirlýsinga er að vænta um málið en mikill þrýstingur var á konungsfjölskylduna að bregðast því sem fram kom í viðtalinu. – hó

Guðmundur Andri vikur sæti fyrir Þórunni

PÓLÍTÍK Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM mun leiða lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, verði tillaga uppstillingarnefndar flokksins í kjördæminu samþykkt. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en tilkynningar um tillögu nefndarinnar er að vænta í dag.

Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður flokksins og núverandi



Þórunn Sveinbjarnardóttir

oddviti kjördæmisins, verður í öðru sæti og Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður

framkvæmdastjórnar flokksins, í því þriðja. Samkvæmt heimildum blaðsins var Jónu Þóreyju Pétursdóttur, fyrrverandi forseta stúdentaráðs Háskóla Íslands, boðið þriðja sætið á lista, en hún er sögð hafa hafnað því boði.

Þórunn var þingmaður í tæpan áratug á árunum 1999 til 2011 og var umhverfisráðherra frá 2007 til 2009. Þótt fyrir komi að oddvitar

í kjördæmum tapi forystusætinu í prófkjöri, sætir það tíðindum ef oddviti er færður niður um sæti af uppstillingarnefnd. Þessi ákvörðun nefndarinnar þýðir að Guðmundur Andri verður ekki í öruggu þingsæti. Því ber að halda til haga að hann hefur sjálfur látið þess getið að honum þyki kitlandi að freista þess að vinna annað þingsæti í kjördæminu. – aa, ókp

Óeðlilegt að smábátar verði að sigla svona langt út á miðin

Á haustin þurfa smábátasjómenn á Borgarfirði eystra að sigla langt út á miðin til þess að fiska þar sem togararnir koma og raska fengsælustu heimamiðunum. Heimastjórnin er vongóð um að hreyfing sé komin á málið og sjávarútvegsráðherra banni veiði innan 12 mílna yfir mesta handfæraveiðitímabilið.

SJÁVARÚTVEGUR Heimastjórn Borgarfjarðar eystra er vongóð um að hreyfing komist á vandræði tengd handfæraveiðum í þorpinu eftir fund með fulltrúum sjávarútvegsráðuneytisins. Í árárari hafa togarar fengið að koma inn á fengsælustu handfæraveiðasvæðin og valdið miklu raski. Vonast heimamenn til þess að togveiðar verði bannaðar innan 12 mílna, að minnsta kosti yfir mesta handfæraveiðitímabilið.

Almennt gildir að togveiðar eru bannaðar innan 12 mílna frá landi. Sums staðar er þó heimilt að veiða nær, til dæmis að 6 mílum við Borgarfjörð, svæði sem nefndist Skápurinn og er fengsælasta handfæraveiðisvæðið á staðnum.

„Togararnir koma alltaf í septemberbyrjun og hertaka heimamiðin. Á síðasta ári fóru níu togarar inn á Skápurinn í þrjátíu skipti. Þetta er einmitt á þeim tíma sem besta handfæraveiðin er,“ segir Eyþór Stefánsson formaður heimastjórnarinnar. Hann þekkir málið vel enda gerði hann áður út smábát. Hann segir þetta hafa verið reynsluna undanfarna áratugi.

Eyþór segir togarana valda miklu raski. „Trollið fer eftir botninum og rótar honum upp og fælingarmátturinn er svo mikill að það fiskast ekkert á þeim stað í allt að viku,“ segir hann. Handfæraveiðarnar eru mjög árstíðabundnar og illréttlætalegt að gera út bát nema frá júlí til október. Á þeim tíma eru allt að 20 bátar á Borgarfirði eystri en aðeins fimm til sjö yfir veturinn. Í bænum búa aðeins um 90 manns og er hann í verkefni Bygðastofnunar um brothættar byggðir.

Til að ná í afla í september og



Borgarfjörður eystra er ein af brothættum byggðum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

október þurfa handfærabátarnir að sigla utar, á svæði sem nefnist Digranesflak, því það hefur ekkert upp á sig að veiða í Skápurinn á þeim tíma. Digranesflak er hins vegar 30 eða 40 mílum frá landi.

„Það er ekki eðlilegt að litlar trillur þurfi að fara út fyrir togarana, því það eru fin togaramið fjær landi,“ segir Eyþór. Margir smábátarnir eru hæggingir og það getur tekið fjóra eða fimm klukkutíma að sigla hvora leið. Þá er ekki mikill tími eftir til veiða því að samkvæmt reglum má bátur aðeins vera 14 tíma úti. Auk tímans fylgir því einnig meiri kostnaður að sigla svo langt og minna

Togararnir koma alltaf í septemberbyrjun og hertaka heimamiðin.

Eyþór Stefánsson, heimastjórnarformaður Borgarfjarðar eystri



öryggi, því í september og október eru haustveðrin mætt á svæðið.

Borgfirðingar hafa lengi barist fyrir banni við togveiðum innan 12 mílna en ávallt hefur málið verið

sagt flókið og breyta þurfi fiskveiðilögsögulögum til þess. Eyþór er vongóður um að málið sé komið á hreyfingu og útilokar ekki að hægt sé að breyta þessu með reglugerð. „Eftir sameiningu Múlapings settum við púður í þessa baráttu og erum nú með allt sveitarfélagið með okkur í liði,“ segir hann.

Á fundi heimastjórnarinnar og ráðuneytisins komu fram töluleg gögn um togveiðiaflann á svæðinu sem reyndist litill. „Þessi gögn sýna að togararnir eru ekki að hafa mikinn afla af svæðinu og hagsmunir stórutgerðanna því litlir,“ segir Eyþór. kristinnhaukur@frettabladid.is

Treysta ferðamönnum til að fara í fimm daga sóttkví

COVID-19 „Það athugar enginn með mann. Íslendingar treysta á þig sem ferðamaðni að vera í fimm daga sóttkví,“ segir fréttakonan Sarah Harman á NBC. Harman var með langt innslag um Ísland og árangurinn gegn COVID-19 og ræddi meðal annars við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Innslagið var sýnt í gær.

Katrín sagði að 98 prósent þeirra sem ættu að mæta í seinni skimun gerðu það.

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði sendu frá sér ákall til stjórnvalda í gær þar sem krafist var herts eftirlits og skýrari leiðbeininga við landamærin. „Loks þegar farið var að birta til á ný með afléttingum fáum við fregnir af mögulegu hópsemi sem á uppruna sinn að rekja til smits sem slapp í gegnum landamærin,“ segir í tilkynningunni. Þar segir einnig að kurr sé í veitingamönnum enda



Peir sem koma til Íslands eru ekki undir eftirliti í sóttkví. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

finnst þeim þurfa að lúta mjög hörðu eftirliti lögreglu ólíkt þeim sem koma til landsins.

„Í veitingageiranum starfa um þúsund fyrirtæki með þúsundir

mannna í vinnu svo að samfélagslegur skaði af lélegu eftirliti á landamærum er gríðarlegur fyrir samfélagið í heild sinni,“ segir enn fremur. – bb



LYFSALINN

**GLÆSILEGT APÓTEK
Í ORKUHÚSINU**

URÐARHVARFI 8

Verið hjartanlega velkomin

OPIÐ
8.30 - 18.00
virka daga

www.lyfsalinn.is

kronotex
FLOORS FOR LIVING

2017-2020
Fyrirmyndarfyrtæki
í rekstri
Væðingablaðið Keldan

2016-2020
Framúrskarandi
fyrtæki

HARÐPARKET

DAGAR

VORUM AÐ FÁ STÓRA SENDINGU AF
KRONOTEX HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI

YFIR 50 TEGUNDIR Á LAGER
Á MJÖG GÓÐU VERÐI

Birgisson®



Hægt að versla hjá alþjóðlegri keðju frá Íslandi

VERSLUN Alþjóðlega verslana-keðjan Marks & Spencer hefur fært út kvíarnar með því að opna vefverslun í 46 löndum á nýjum markaðssvæðum, þar á meðal Íslandi.

Þetta er liður í því að tvöfalda alþjóðlega vefverslun keðjunnar. Marks & Spencer er nú með vefverslun í meira en 100 löndum.

„Vefverslun okkar á alþjóðlegum markaði hefur aukist umtalsvert í kórónaveirufaraldrinum og við erum að sjá aukningu í því að viðskiptavinir okkar versli í gegnum vefinn,“ segir Paul Friston hjá Marks & Spencer.

„Það að stækka markaðssvæði okkar er því rökrétt skref á þessum tímamarki, til þess að fleiri geti nýtt okkar öfluggu vefverslun á næstunni,“ segir hann enn fremur.

Íslenskir viðskiptavinir Marks & Spencer þurfa að greiða 2.500 krónur í sendingarkostnað og búast má við fjögurra daga sendingartíma á vörum sem pantaðar eru. – hó

Þorsteinn Már kærir Jóhannes

DÓMSMÁL Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hefur lagt fram kæru hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu á hendur Jóhannesi Stefánssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra innan samstæðu Samherja, fyrir rangar sakargiftir, vegna fullyrðinga um tilraun til manndráps og frelsis-sviptingu. Þetta kemur fram í tilkynningu á vef Samherja.



Þorsteinn Már Baldvinsson

„Nú vill Jóhannes meina að ég eða samstarfsmenn mínir hafi gert tilraun til að ráða honum bana. Lengra verður ekki ekki gengið en að bera mönnum á brún að ætla að ráða menn af dögum. Mér er gróflega misboðið og því er óhjákvæmilegt að spyrna við fótum,“ segir Þorsteinn í yfirlýsingunni. Hann bætir við að þetta sé allt saman dapurlegt. „Þessu til viðbótar freistar Jóhannes þess nú að blekkja fólk til að leggja fé í söfnun undir þeim formerkjum að honum hafi verið sýnt banatíðni.“

Krefst lögmaður Þorsteins Más að lögreglurannsókn verði hafin á því hvort Jóhannes hafi gerst sekur um rangar sakargiftir. Slíkt varðar við almenn hegningarlög. – þg

Ekki vísað til efnahagsbrota í erindisbréfinu

STJÓRNMÁL Kvenréttindasamtök brugðust ókvæða við frétt Fréttablaðsins í gær um samning dómsmálaráðherra við Jón Steinar Gunnlaugsson. Langur málsmeðferðartími í kynferðisbrotamálum hefur verið mikið í umræðunni, og af yfirlýsingum kvenréttindasamtaka að dæma vantreysta þær Jóni Steinari á því sviði. Var ráðherra gagnrýnd harðlega fyrir að hafa falið honum að leita úrbóta.



Jón Steinar Gunnlaugsson, lögfræðingur, dómari

Ráðherra tjáði sig um málið á Facebook í gær: „Ég þáð Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmann og fyrrverandi hæstaréttardómara, um

að vinna að úttekt á öðrum þáttum er snúa að réttarkerfinu, meðal annars hvort við getum lært af löngum málsmeðferðartíma í efnahagsbrotum og hvar séu möguleikar til að stytta hann til hagsbóta fyrir alla aðila,“ sagði ráðherra meðal annars.

Samningur ráðherra við Jón Steinar gefur hins vegar á engan hátt til kynna að Jóni hafi verið falið að skoða málsmeðferðartíma í efnahagsbrotum sérstaklega. Þar segir

að verkefnið sé í mótun en það felist í „greiningu á málsmeðferðartíma í refsivörslukerfinu, allt frá því rannsókn lögreglu hefst og að upphafi afplánunar.“ Samhliða sé unnið að öðru eins og styttingu boðunarlista. Þá segir að verktakinn muni vinna samantekt á þeim upplýsingum sem unnt er að nálgast um málsmeðferðartímann í einstökum brotaflokkum, bæði hjá lögreglu, ákærvaldi og fyrir dómi. – aa

Stærð hvalsheilans markast af hitamyndun en ekki greind

Ný fjölþjóðleg rannsókn sýnir að hvalsheilinn býr yfir próteinum sem hita upp líkamann og að stærð heilans markast af þessu. Próffessor við Háskólann í Reykjavík sem kom að rannsókninni segir hana hafa valdið nokkru fjaðrafoki, því sumir vilji trú á því að hvalir búi yfir meiri greind en önnur stór spendýr.

VÍSINDI Stórir heilar hvala hita upp líkama þeirra fyrir sund í köldum sjó, en bera ekki merki um meiri greind en hjá öðrum stórum spendýrum. Þetta kemur fram í nýrri, fjölþjóðlegri rannsókn sem að hluta til var unnin hér á Íslandi á hreftum.

„Þetta getur útskýrt hvers vegna hreftur sem hafa aðeins nokkurra sentimetra fitulag geta lifað við Suðurskautið,“ segir Karl Ægir Karlsson próffessor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík sem tók þátt í rannsókninni.

Karl og Ástralinn Paul Manger, sem leiðir rannsóknina, voru saman í námi í UCLA og rannsókuðu þá svefn. Hvalir geta sofið með öðru heilahvelinu í senn sem vakti upp spurningar þeirra um taugalíffræði hvalsheilans. Þá hefur spurningin um hina miklu stærð heilans verið til umræðu, þar sem atferli hvala bendi ekki til meiri greindar en hjá öðrum stórum spendýrum.

Árið 2007 var óskað eftir leyfum til að fá hvalsheila og hófst vinnan árið 2012. Rannsókninni var stýrt frá háskólanum í Witwatersrand í Jóhannesborg, þar sem Manger kennir, en framkvæmd víða um heim, til dæmis á mörgum stöðum í Afríku þar sem samburðarrannsóknir voru gerðar við flóðhesta, fila og aðra fjarskylda ættingja hvalanna, sem héldu út á höfin fyrir milljónum ára.

Karl og félagar fóru með hvalveiðiskipinu Hrafnreyði KÓ því heilarnir þurftu að vera ferskir. „Til að varðveita heilana með þeim nákvæma hætti sem við gerðum þurftum við að ná þeim rétt eftir að dýrin voru fellð,“ segir Karl. Heilarnir, sem veiga um þrjú kíló, voru sendir til



Hrefta svamlar hér um í sjónum í myndni Eyjafjarðar steinsnar frá Dalvík. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sumir segja okkur hvetja til hvalveiða sem er alls ekki raunin. Takmarkið er eingöngu að skilja hvernig hvalsheilinn virkar

Karl Ægir Karlsson próffessor við HR



Jóhannesborgar og Rio de Janeiro til rannsókna. Ekki fékkst heimild til að rannsaka heila langreyða.

„Í rannsókninni sýnum við fram á að í heilum hvala eru prótein sem finnast aðeins að litlu leyti í öðrum

spendýrum,“ segir Karl. „Orka er almennt mynduð í hvatberum og geymd á forni sem kallast ATP, en þessi prótein frakúpla þessu ferli þannig að öll orkan fer beint í hitamyndun.“ Helsta samanburðinn megi finna hjá bjarndýrum og öðrum sem leggjast í hiði yfir vetur.

Heilar hvalanna reyndust stútfullir af þessu próteini, í nærri öllum taugafrumum. Hjartað getur því dælt blóði inn í heilann og það kemur heitara út. „Þetta ferli er ósamrýmanlegt við aðra vitsmunastarf,“ segir Karl. Margt bendi til þess að hvalir hafi fórnað því í þróuninni til að geta synt í köldum sjó.

Þessar rannsóknir hafa valdið fjaðrafoki hjá dýraverndunarsinum sem telja hvali búa yfir mikilli

greind. „Þetta er mikið tilfinningamál hjá mörgum og við höfum upplifað ansi mikið skítkast,“ segir Karl. „Sumir segja okkur hvetja til hvalveiða sem er alls ekki raunin. Markmiðið er eingöngu að skilja hvernig hvalsheilinn virkar.“

Aðspurður um framhaldið segir Karl það verða erfitt. Eina rannsókn eigi eftir að vinna úr núverandi gögnum en margt sé því til fyrirstöðu að samanburðarrannsóknir verði hægt að gera við háhyrninga, langreyðar eða aðra hvali. Hvalveiðar séu víðast bannaðar og í Bandaríkjunum fæst ekki heimild til að rannsaka hvali úr sædýrasöfnum. Karl segir heila hvali sem reka á land ónýta til rannsókna.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Yfir hundrað hafa verið settir í sóttkví

COVID-19 Íslendingum sem eru í sóttkví hefur fjölgað mikið undanfarna daga. Í gær voru 107 einstaklingar í sóttkví en fyrir helgi voru þeir um tuttugu. Þá voru sextán í einangrun með virkt COVID-19 smit og sex lágu á sjúkrahúsi með sjúkdóminn. Enginn lá á gjörgæslu.

Sólarhringinn á undan greindust tveir með veiruna innanlands og var hvorugur þeirra í sóttkví við greiningu. Bæði smitin tengjast þeim sem greindust með veiruna um síðustu helgi og er því um svo kallað þriðja stigs smit að ræða.

Viðir Reynisson yfirlögglubjónn býst við að fleiri smit muni greinast á næstu dögum. „Það er eins og þessi veira hegðar sér og þetta afbrigði er meira smitandi en mönnum sýnist. Þá er eiginlega öruggt að við fáum fleiri smit næstu daga.“

Aðspurður hvort það standi til að herða aðgerðir innanlands í ljósi



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir á upplýsingafundi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

smitanna segir Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir það vera í skoðun en atburðir undanfarið muni móta tillögur sínar. Hann mun skila tillögum sínum um breytingar á sóttvarnareglum í vikunni, en nú

verandi reglugerð gildir til 17. mars. „Allt sem við erum að gera er til að lágmarka áhættuna á að smit dreifist en það er ekkert sem við getum gert til að koma alfarið í veg fyrir það,“ segir Þórólfur. – bdj, fb

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is




Betri lausnir fyrir þitt fyrirtæki

Það hefur aldrei verið auðveldara að koma í viðskipti til Íslandsbanka. Með nýrri fyrirtækjalausn á islandsbanki.is geta fyrirtæki á einfaldan og fljótlegan hátt sótt sér allar helstu þjónustur með nokkrum smellum.

- Stofnað reikninga
- Fyrirtækjaapp
- Pantað kreditkort
- Stofnað netbanka
- Innheimtuþjónusta
- Rafrænir reikningar

Góð þjónusta breytir öllu



Notkun rakningarforrita lítið hjálpað

Smitrakningarforrit, bæði Bluetooth og GPS, hafa valdið vonbrigðum vegna tæknilegra vankanta og hversu fáir hafa sótt þau. Sum gefa falskar niðurstöður eða mæla fólk í sama rými þótt veggur sé á milli þeirra. Íslenskt Bluetooth-forrit hefur verið hannað.


COVID-19 Smitrakningarsmáforrit hafa gert lítið og jafnvel ekkert í baráttu við COVID-19. Sum staðar hafa þau meira að segja gert meira ógagn en gagn því fólk hefur þurft að fara í sóttkví að ástæðulausu vegna falskra niðurstöðna. Einkum vegna galla Bluetooth-tækninnar sem víðast hvar hefur verið notuð.

Bluetooth-app hefur verið hannað fyrir Ísland og er nú í prófunum. Ekki liggur fyrir hvenær það verður tekið í notkun en Persónuvernd þarf að gefa blessun sína. Bluetooth-öppin eru þó almennt talin minni innrás inn í einkalíf fólks en GPS tæknin, sem notuð er í núverandi appi sem tekið var í notkun í apríl.

Metfjöldi sótti appið, eða um 38 prósent landsmanna. Um sumarið kom í ljós að það hjálpaði aðeins að takmörkuðu leyti. Landlæknir og almannavarnir mæla enn með appinu. Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hversu margir nota það í dag og hafa kveikt á því.

Meiri vonir eru bundnar við Bluetooth, sem er notað víðast í hinum vestræna heimi en hefur ekki skilað miklu gegn COVID-19. Helsti gallinn er tæknin sjálf, sem byggir á lágru orku, staðsetur fólk ekki og mælir illa vegalengdir og tíma.

Þetta kom glögg fram í rannsókn Trinity-háskólans í Dublin á þýsku, ítölsku og svissnesku Bluetooth-öppunum, sem birt var í lok septem-



Miklar vonir voru bundnar við smittrakningaröppin í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ber. En rannsóknin var framkvæmd í léttlestakerfi með hundruðum síma. Þýsku og svissnesku öppin svöruðu ekki, jafnvel þótt fólk væri vel innan tveggja metra radiuss, og hið ítalska svaraði í helmingi tilfella og gaf jafnmargar falskar niðurstöður.

Þá hefur komið í ljós að Bluetooth-tæknin getur tilkynnt fólk á sama stað þótt það sé veggur eða gluggi á milli þeirra og þar af leiðandi enginn möguleiki á smiti. Þá hafa símarnir sjálfir valdið vandræðum. Í febrúar var greint frá því að þúsundir Nýsjá-

lendinga höfðu leitað til sóttvarnaryfirvalda því að forritið virkaði ekki fyrir eldri farsíma.

Fyrir utan tæknilega vankanta hefur helsta vandamál þeirra sem hafa tekið upp smittrakningaröpp verið að fáir nota þau, hvort sem

» Í Virginíu hafa tæplega 11 prósent íbúanna hlaðið niður appi, 6 prósent í New York, 4 prósent í New Jersey og 2,5 prósent í Kaliforníu.

það er vegna vantrausts eða annars. Rannsókn vísindamanna við háskólann í Glasgow frá því í desember sýnir að app af þessum toga getur fræðilega gefið ágætisraun sé notkunin að minnsta kosti í kringum 60 prósent.

Í Bandaríkjunum hefur tæplega helmingur ríkja tekið upp notkun apps og notkunin er vægast sagt lítil. Í Virginíu hafa tæplega 11 prósent íbúanna hlaðið niður appi, 6 prósent í New York, 4 prósent í New Jersey og 2,5 í Kaliforníu.

Í Bretlandi hefur notkunin verið mun meiri, en samt aðeins 28 prósent. Samkvæmt stærðfræðilegri rannsókn á appinu í febrúar er talið að það gæti hafa varnað 224 þúsund manns frá smiti. Óvist sé hins vegar hversu margir hefðu hvort eð er fengið tilkynningu í gegnum hefðbundnar rakningarleiðir.

Þá er það mjög á reiki hversu margir fara í sóttkví eftir að hafa fengið tilkynningu frá appinu, en tölur sýna allt frá 12 prósentum upp í 80.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Ársfundur 2021 fimmtudaginn 25. mars

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura **fimmtudaginn 25. mars 2021 kl. 17:15**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2020 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
7. Ákvörðun um laun stjórnar
8. Önnur mál

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila í síðasta lagi þann **18. mars 2021**. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Ársreikning og önnur gögn fyrir fundinn er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Vegna sóttvarna er farið fram á að þeir sjóðfélagar sem ætla að mæta á staðinn eða þeir sem mæta í umboði sjóðfélaga **skrái sig fyrir kl. 13:00 þann 24. mars 2021 á www.almenni.is**. Umboðsmenn skulu afhenda frumrit umboða eða skila rafrænu umboði með fullgildri rafrænni undirritun.

Fundinum verður streymt á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins



Kínverjar sýna Norðurslóðum aukinn áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kínverjar fengu ekki að kaupa finnskan flugvöll

FINNLAND Kínverska ríkið falaðist eftir því að kaupa flugvöll af Finn-um í bænum Kemijarvi árið 2018. Finniska ríkisútvarpið YLE Lappi greinir frá þessu. Varnarmálaráðuneyti Finnlands hafnaði hins vegar beiðni Kínverja af öryggisástæðum.

Kemijarvi er í Lapplandi, austan við borgina Rovaniemi, og var það hin ríkisrekna Heimskautastofnun Kína sem sóttist eftir kaupum eða leigu. Þar að auki buðust Kínverjar til þess að stækka flugbrautina með 6 milljarða króna framlagi.

Samkvæmt kínverskri sendinefnd var tilgangurinn að gera Kínverjum betur kleift að stunda rannsóknir á norðurslóðum, sem njóta sífellt aukinnar athygli stórveldanna vegna loftslagsbreytinga og opunar skipaleiða. Hafa þeir meðal annars aðstöðu á eyjunni Svalbarða.

Þessari auknu athygli fylgja einnig hernaðarleg umsvif. Þó að þau umsvif hafi hingað til fyrst og fremst verið bundin við Rússland og NATO-ríkin, óttast margir að

» Samkvæmt kínverskri sendinefnd var tilgangurinn að gera Kínverjum betur kleift að stunda rannsóknir á norðurslóðum.

Kínverjar vilji gera sig gildandi á svæðinu einnig. Það vakti nokkrar grunsemdir Finna að einn í kínversku sendinefndinni kom úr kínverska hernum.

Finnar slögu flugvallarsöluna strax út af borðinu, meðal annars með vísun í Evrópureglur um takmarkanir við erlendri fjárfestingu. Einnig er Kemijarvi staðsett skammt frá Rovajarmi, sem er stærsta stórskotaaæfingasvæði Evrópu.

Samkvæmt varnarmálaráðuneytinu kom það aldrei til greina að hleypra erlendu ríki svo nærri því svæði. Þar að auki er Kevijarmi ekki fjarrí rússneskum herstöðvum, handan landamæra, og hefði skapað aukna spennu milli Rússa og Kínverja. – khg

Nánar á:
www.almenni.is





ALMENNI
LÍFEYRISJÓÐURINN



Fjölskyldupakkinn

Áskrift að Stöð 2 og Stöð 2+ fylgir með

Net, tveir farsímar og sjónvarp – allt á einum stað.

 +  +  +  = 19.990 kr.
ALLT ÓTAKMARKAÐ

vindill.is



Adalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Á dögumum birti viðskiptavefur Fréttablaðsins frétt um söluaukningu á vindlum. Í fréttinni kom fram að vefverslunin vindill.is hefði ákveðið að lækka verð í versluninni. „Sala á Vindill.is hefur gengið vonum fram og nú verður verð lækkað til að neytendur njóti þess,“ er haft eftir eigandanum í fréttinni. Jafnframt er greint frá því að Vindill undirbúi málsókn gegn íslenska ríkinu vegna kröfu um að verslunin selji ÁTVR alla vindla sem hún flytur til landsins og kaupir þá svo aftur með 18 prósentu álagi.

Á hverjum degi birta fjölmiðlar fréttir af viðskiptum með vörur og þjónustu. Stundum ganga þau vel og stundum illa. Eitt af viðfangsefnum viðskiptafréttamanna er einmitt að taka þennan puls.

Í erindi sem Fréttablaðinu barst daginn eftir tilkynnti Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að því hefðu borist kvartanir vegna fréttarinnar. Vísað var til ákvæða tóbaksvarnarlaga um bann við tóbaksauglýsingum og þess krafist að Fréttablaðið „fjarlægji umrædda umfjöllun af vefsvæði sínu tafarlaust þannig að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða.“

Ritstjórnin hunsaði þetta erindi. Þremur dögum síðar barst itrekun og þess var óskað að ritstjórn staðfesti móttöku fyrra hótunarbréfs. Í símtali við starfsmann heilbrigðiseftirlitsins síðar sama dag, kom í ljós að eftirlitið telur fréttina vera tóbaksauglýsingu, en samkvæmt tóbaksvarnarlögum telst auglýsing vera „hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir til annars en að vara sérstaklega við skaðsemi þeirra.“ Í símtalinu kom jafnframt fram að heilbrigðiseftirlitið hefði heimild til að beita dagsektum upp á hálf milljón á dag, láti ritstjórnin ekki að stjórn. Einnig komi til greina að vísa málinu til lögreglu en sektarúrræðið verði líklega fyrir valinu. Þess var getið að iðulega berist ábendingar um „svona fréttir“ og mikil pressa sé á heilbrigðiseftirlitinu að bregðast hratt og harkalega við. Öllum fjölmiðlum berast reglulega beiðnir um að fréttir séu fjarlægðar. Á ritstjórn Fréttablaðsins er óskrifuð regla að verða ekki við slíkum beiðnum. Hafi eitthvað farið úrskeiðis við vinnslu fréttar er hún uppfærð og lesendur upplýstir um hverju var breytt og hvers vegna.

Þótt hvorki ritskoðun heilbrigðiseftirlitsins né umrætt ákvæði tóbaksvarnarlaga, standist ákvæði um tjáningarfrelsi og frelsi fjölmiðla, ákvæð ritstjórnin, eftir vikulanga yfirlegu, að taka fréttina úr birtingu. Standi vilji löggjafans raunverulega til þess að banna fréttir sem eru honum ekki að skapi, þurfa þau að taka af allan vafa um það. Einnig væri æskilegt að löggjafinn tæki af skarið um það með skýrari hætti hvort Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eigi að hafa vald til að ritskoða stærstu fjölmiðla landsins og setja þá á hausinn ef þeir hlýða ekki.

Fréttablaðið vill gjarnan taka þennan slag. En enginn fjölmiðill á Íslandi hefur efni á að verja til þess startgjaldi upp á 15 milljónir króna á mánuði. Tvær spurningar brenna nú á ritstjórninni: Verður ritskoðunargjaldið fyrir þennan leiðara 15 milljónir á mánuði og á endanlega að ganga af frjálsri fjölmiðlun dauðri á Íslandi?

Halldór



Einnig væri æskilegt að löggjafinn tæki af skarið um það með skýrari hætti hvort Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eigi að hafa vald til að ritskoða stærstu fjölmiðla landsins og setja þá á hausinn ef þeir hlýða ekki.

Frá degi til dags

Gott mót

Dómsmálaráðherra þykir gera gott mót með því að skipta Jóni Steinari Gunnlaugssyni inn á til þess skoda úrbætur í meðferð sakamála. Jón hefur itrekað mikilvægi fyrirgefningarinnar í erfiðum málum þannig að þessi flétta gefur varla síðri raun en þegar fjármálaráðherra fól Hannesi Hólmsteini Gissurarssyni að rannsaka bankahrunið. Þá má skoða fleiri innaskiptingar óvilhallra lykilmanna. Kristján Loftsson geti rannsakað áhrif hvalveiða, Viðar Guðjohansen eldri yfirfarið jafnréttislöggjöfina og lýta-læknirinn Elísabet Guðmundsdóttir gert greinargóða úttekt á sóttvarnaaðgerðum.

Vont mót

Guðlaugur Þór Þórðarson er líklega eini utanríkisráðherrann í víðri veröld sem hefur tíma til að mæta í hlaðvarp á borð við Enska boltann til að ræða gengi Liverpool. Sjálfsagt þó skemmtilegra umræðuefni en nýleg rauð spjöld ráðherra dóms- og menntamála. Liverpool tapaði sjötta heimaleiknum í röð um helgina og skal þó ósagt látið hvort heimfæra megi stöðumat ráðherrans á lið hans í pólitiska atinu. „Ég vona að eina ástæðan fyrir því að þeir hafi haldið sig til baka sé að þeir séu að fara að hlaða í eitthvað í sumar.“ kristinnhaukur@frettabladid.is toti@frettabladid.is

Sókn fyrir Suðurnes



Kolbeinn Öttarsson
Þingmaður
Vinstri grænna

Þegar staðan er hvað verst er oft erfitt að koma auga á tækifærin í kringum sig. Nú er staðan þannig í atvinnumálum á Suðurnesjum að engin myndu undrast ef heimafolk sæi aðeins svartnættið fram undan. Því fer hins vegar fjarri og gríðarlega mikil vinna hefur farið fram á svæðinu í að greina og meta tækifærin. Og þau eru mýmörg. Ég fundaði með forsvarsmönnum Reykjanesbæjar á dögumum og kynntist því frá fyrstu hendi hve vel er haldið utan um stöðuna.

Atvinnuleysi er gríðarlegt á svæðinu, mælist í kringum 25 prósent og kemur misilla niður á þjóðfélagshópum. Í bænum býr hátt hlutfall erlendra ríkisborgara og því miður hefur atvinnuleysið bitnað illa á þeim. Ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur, sem tók til starfa í síðasta mánuði, er stuðningur fyrir erlenda ríkisborgara hvar sem er á landinu. Ég bjó það mál til frá grunni og er stoltur yfir að það hafi náð fram að ganga því hugmyndin er góð og ég efast ekki um það að útibú verði opnað innan tíðar í Reykjanesbæ.

Framtíðin er nefnilega björt á svæðinu. Heimamenn hafa unnið sína vinnu vel; Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur sett saman aðgerða-áætlun í atvinnumálum. Þar er tekið á ýmsum verkefnum, stórum sem smáum, sem munu skapa störf. Uppbygging hafna, aukning starfsemi Vinnumálastofnunar og framkvæmdir á vegum Isavia eru dæmi um lausnir sem þarf að einhenda sér í, ásamt ýmsu fleiru. Gríðarlega mikilvægt er að fara sem fyrst í þessi verkefni og ríkisstjórnin hefur tekið frumkvæði heimamanna vel og unnið sérstaklega að aðgerðum á svæðinu.

Tækifærin á Suðurnesjum eru ótal mörg. Með traustri og góðri uppbyggingu, þar sem horft er til fjölbreyttrar starfsemi, er ég sannfærður um að toppnum í atvinnuleysi er náð. Markvissar aðgerðir munu skapa störf og skjóta fleiri stöðum undir atvinnulíf og styðja þannig við fjölbreytni mannlífsins. Sókn fyrir Suðurnes er fram undan.



Markvissar
aðgerðir
munu skapa
störf og
skjóta fleiri
stöðum undir
atvinnulíf.

Lárus Ómarsson | löggiltur fasteignasali

Opið hús 10. mars

Skógarsel 15 | 109 Reykjavík

Opið hús miðvikudaginn 10. mars kl. 17:30-18:00

Vorum að fá í sölu þessa falllegu sérhæð á vinsælum stað ásamt bílskúr. Íbúðin er mjög skemmtileg, björt og afar vel skipulögð, tilvalin fyrir eldri borgara. Tvö baðherbergi.

Í íbúðinni er mjög rúmgtott hjónaherbergi með inngangi í baðherbergið með góðum sturtuklefa og sauna baði.

Hafið samband á nyhofn@nyhofn.is eða í síma 530 4500

Herbergi: 3
Stærð: 136,2 fermetrar
Verð: 77,9 milljónir

núhöfn
FASTEIGNASALA

Númer 349 á biðlista



Linda Björk
Markúsardóttir
talmeinafræðingur

tækjasamninga sem fýsilegan kost í stöðunni en þess konar samningar sem SÍ bjóða henta eingöngu stærri starfsstöðvum. Þessi möguleiki er ekki til staðar úti á landi þar sem einyrkjar starfa eða tveir til þrjár saman á stofu. Samninganefnd sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga hefur bent SÍ á að stéttinni hugnist þetta samningaform ekki og hefur gefið málefnalegar ástæður fyrir því.

Það er ekki vilji talmeinafræð-

inga að leggjast á ríkisspenann heldur eingöngu að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda, gera gagn og nýta háskólamenntunina sem tók, að lágmarki, fimm til sex ár að afla. Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, hlaut viðurnefnið járnfrúin vegna óhagglegra stjórnmála-sköðana sinna og stjórnunarstíls. Hvernig list hæstvirtum heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, á gælunafnið biðlistabaronessan?



Þann 25. febrúar 2021 fór fram á Alþingi umræða um stöðu talmeinafræðinga og sjúkráþjálfara. Báðar stéttirnar segja farir sínar ekki sléttar vegna ósveigjanleika heilbrigðiskerfisins og stofnunar sem bæði hafa það yfirlýsta markmið að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Bitbeinið er tveggja ára ákvæði í rammisamningi sem kveður á um að talmeinafræðingar eigi að hafa tveggja ára starfsreynslu hjá hinu opinbera til að komast á samning hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). Í talmeinafræðináminu eru nemarnir fræddir um mikilvægi snemmtækra hlutunar en hún felur í sér að alla (tal)þjálfun sé mikilvægt að byrja eins fljótt og auðið er, áður en vandinn vindur upp á sig og verður illviðráðanlegur. Hvað verður til dæmis um barn sem greinist þriggja ára með málþroskaröskun og bíður að því loknu árum saman eftir íhlutun?

Vert er að minnast á að biðtími barna eftir talþjálfun á stofu er að meðaltali 17 mánuðir en getur farið lengst í 36 mánuði og 800 börn eru á biðlista eftir þjálfun á höfuðborgarsvæðinu einu saman. Á landinu öllu má ætla að um 2.000 börn bíði eftir talmeinaþjónustu og eru þá ótaldir allir fullorðnir skjólstæðingar stéttarinnar.



Vert er að minnast á að biðtími barna eftir talþjálfun á stofu er að meðaltali 17 mánuðir en getur farið lengst í 36 mánuði og 800 börn eru á biðlista eftir þjálfun á höfuðborgarsvæðinu einu saman.

Vöntun er á talmeinafræðingum á Íslandi og þrátt fyrir að peningum tæki skyndilega að rigna innan málaflökksins myndi það ekki breytast. Tíminn einn mun snúa því við en búð er að fjölga þeim sem teknir eru inn í námið annað hvert ár úr 15 í 18. Það að atvinnufrelsi þeirra talmeinafræðinga, sem þó eru til staðar, sé skert á þennan hátt er í raun óafsakanleg fásinna. Með þessum vinnubrögðum er lagður grunnur að tvöföldu heilbrigðiskerfi þar sem þeir sem eiga mega og hinir geta átt sig. Ekki er horft til þess samfélagslega sparnadar sem snemmtæk íhlutun hefur í för með sér, aðeins er reynt að gera við lekt þak með því að fjárfesta í stærri fötu líkt og svör heilbrigðisráðherra við umræðunum á Alþingi bera með sér. Aðrir þingmenn sem tóku til máls virtust allir vel meðvitaðir um að staðan sem upp er komin sé ótæk og nauðsyn þess að bregðast við henni.

Í svörum sínum talar heilbrigðisráðherra sérstaklega um fjarþjálfun fyrir þá einstaklinga sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og nefnir Köru connect sérstaklega í því samhengi, en Kara er nokkurs konar sýndarskrifstofa. Þeir talmeinafræðingar hérlendis sem nýta hana eru allir á rammisamningi við SÍ og því er erfitt að átta sig á hvaða vanda það á að leysa. Ráðherrann talaði einnig um fyrir-

Leiksýning fyrir börn og fullorðna

Stúlkán sem stöðvaði heiminn

Alla laugardaga – tryggðu þér miða á borgarleikhus.is



„Stúlkán sem stöðvaði heiminn talar svo sannarlega til okkar samtíma“
S.J. Fréttablaðið





Íbúar Tókýó eru margir mótfallnir því að leikarnir fari fram í sumar.

Heimamenn einir í stúkunni

ÓLYMPIULEIKAR Japanskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að stjórnmöld í Japan hefðu ákveðið að meina áhorfendum frá öðrum löndum aðgang að Ólympíuleikunum og Ólympíuleikum fatlaðra í Tókýó í sumar. Ef leyfi fæst fyrir því að hleyptu fólki inn á Ólympíuleikana, verða það því aðeins heimamenn og fjölmiðlamenn sem fá að fylgjast með þessum stærsta íþróttaviðburði heims með berum augum.

Ákvörðunin var tekin eftir að meirihluti almennings lýsti andúð á því að ferðamönnum yrði hleypt inn á leikana í miðjum heimsfaraldri. Fyrir vikið var ákveðið að banna áhorfendur frá öðrum löndum, en stefnt er að því að heimamenn geti mætt á viðburði. – kpt

Löw mætir ekki í Laugardalinn

FÓTBOLTI Joachim Löw, þjálfari þýska karlalandsliðsins í knattspyrnu, hefur staðfest að hann láti af störfum sem þjálfari liðsins eftir Evrópumótið í sumar. Löw verður því ekki á hliðarlínunni þegar Þjóðverjar koma til landsins í haust í undankeppni HM 2022.

Þýskir fjölmiðlar orðuðu Jürgen Klopp, knattspyrnustjóra Liverpool og Hansi Flick, þjálfara Bayern München, við stöðuna í gær. Klopp hefur hins vegar útilokað það.

Löw tók við þýska liðinu árið 2006 af Jürgen Klinsmann og stýrði liðinu til sigurs á HM í Brasilíu árið 2014. Undanfarin ár hefur tekið að halla undan fæti og árangur liðsins ollið vonbrigðum.

Neyðarlegt 0-6 tap gegn Spáni leiddi til þess að kallað var eftir brottrekstri Löw en samningur hans við þýska knattspyrnusambandið rennur sitt skeið eftir EM. – kpt.

Býður upp á nýja möguleika

Mikil ánægja ríkir innan Skíðasambandsins með fyrsta árið sem hluti af Lowlanders, alþjóðlegu liði fimm þjóða í skíðaíþróttum. Viðræður eru hafnar um að hefja sambærilegt samstarf í snjóbrettum.

SKÍÐI „Þetta er fyrsta ár okkar í þessu verkefni og reynsla okkar af þessu hingað til hefur verið afar góð. Við sjáum fyrir okkur að hægt sé að stækka þetta verkefni og höfum meðal annars rætt að bæta snjóbrettum við þetta og jafnvel skídagöngu,“ segir Dagbjartur Halldórsson, afreksstjóri Skíðasambands Íslands, aðspurður út í Lowlanders, verkefni sem snýr að alþjóðlegu skíðaliði sem Skíðasambandið tekur þátt í. Ísland kemur að verkefninu ásamt Belgíu, Danmörku, Hollandi, Írlandi og Lúxemborg og keppir liðið víðs vegar um Evrópu. Í dag eru fjórir Íslendingar í liði Lowlanders, þau Frída Kristín Jónsdóttir, Gauti Guðmundsson, Georg Fannar Þórðarson og Katla Björg Dagbjartsdóttir.

„Undanfarin ár hafa einhverjir Íslendingar fundið sér lið á erlendri grundu sem eru í eigu einkaaðila. Það kostar peninga að taka þátt í því, en þetta er á allt öðrum forsendum. Þetta er samkomulag milli sex þjóða sem eru í þessu verkefni og eru með þjálfara í föstu starfi við að vinna með okkar fulltrúum,“ segir Dagbjartur og nefnir sem dæmi að Sturla Snær Snorrason er hluti af liði sem er í eigu bandarísks manns og Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir er hluti af sænsku liði.

Þjóðirnar deila kostnaðinum sem fylgir rekstri slíks liðs sin á milli eftir fjölda fulltrúa og er það því undir Skíðasambandinu komið hversu margir taka þátt hverju sinni.

„Samkomulagið er að hvert samband greiðir hlutfallslega eftir því hversu marga fulltrúa þeir eiga í liðinu hverju sinni. Það eru þrír möguleikar sem standa til boða. Það er hægt að vera í þessu á fullu sem tryggir 120-150 skíðadaga á ári. Svo er hægt að vera í þessu í 70% hlutfalli eða hægt að koma inn þegar tækifæri gefst, til dæmis fyrir stakar æfingaferðir eða mót. Svo ef það hentar ekki á einhverjum tímamóti að senda fólk af okkar hálfu í þetta verkefni getum við dregið okkur í hlé í einhvern tíma. Á sama tíma er mikið öryggi að hafa sex þjóðir inni í þessu sem gerir fjárhagslegan bakgrunn verkefnisins sterkan. Það skiptir því ekki máli ef einhver þjóð ákveður að minnka umsvif sin eitt árið.“

Aðspurður segist Dagbjartur



Fulltrúar Íslands á alþjóðlegu móti á dögunum þar sem Íslendingar hafa verið að ná flottum árangri. MYND/ADSEND

Áætlanir sýna að þetta sé að spara okkur um 50 prósent í útgjöldum við að halda uppi slíku starfi fyrir okkar fremsta íþróttafólk.

Dagbjartur Halldórsson, afreksstjóri Skíðasambands Íslands



áætla að þetta fyrirkomulag spari um 50-60 prósent af því sem myndi kosta að vera með einstaklinga upp á eigin spýtur í sambærilegum verkefnum. Á sama tíma hafa Íslendingar verið að ná betri og betri árangri í skíðabrekunum undanfarin vikur.

„Það væri mun dýrara að halda þessu úti á eigin forsendum, með afreksfólk og þjálfara úti á okkar snærum. Áætlanir sýna að þetta sé að spara okkur um 50 prósent í útgjöldum við að halda uppi slíku starfi fyrir okkar fremsta

íþróttafólk. Þetta er mun ódýrari kostur og gerir okkur kleift að gera þetta. Í þessu tilviki náum við að samnýta hlutina betur og okkar afreksfólk fær að æfa og keppa við bestu aðstæður með einstaklingum á sama getustigi. Það skiptir gríðarlega miklu máli og virðist vera að skila góðum árangri. Auðvitað erum við árangursdrifin og stefnum að því að ná árangri með landsliðsfólki okkar. Þegar við sjáum okkar fólk vera að taka framförum og ná betri úrslitum hvetur það þessa stefnu áfram.“

Dagbjartur tekur undir að þetta geti líka framlengt ferilinn hjá okkar fremsta skíðafólki.

„Það er styrkur í því, fyrir ungt og upprennandi skíðafólk, að sjá þessa leið og sjá að ef það stendur sig vel verður þessi farvegur í boði. Um leið getur þetta framlengt ferilinn. Skíðaíþróttin er dýrt sport sem einstaklingar hafa hingað til þurft að borga úr eigin vasa til móts við styrkina frá okkur. Með þessari leið er hægt að lækka þann kostnað og styðja betur við bakið á okkar fólk. Í skíðaíþróttinni eru flestir að toppa frá 24-30 ára og

þetta gæti reynst mikilvægur liður í því ferli.“

Þetta er um leið önnur leið fyrir ungt og efnilegt skíðafólk sem áður hefur iðulega farið til Bandaríkjanna og æft skíði meðfram námi.

„Bandaríska leiðin hefur reynst mörgum vel en í Evrópu færðu mun fleiri skíðadaga, bæði æfingadaga og mót,“ segir Dagbjartur og segist finna að það hafi tekist að halda aftur af smitum. „Sem betur fer hefur tekist vel að sinna sóttvörnum og koma í veg fyrir smit. Það eru strangar reglur í liðinu og okkur hefur tekist að forðast smit.“

Í aðdraganda Vetrarólympíuleikanna á næsta ári á Dagbjartur von á að það fjölgi jafnvel í hóp Íslendinga í hópi Lowlanders á næsta skíðatímabili en verið er að vinna í því að undirbúa næsta tímabil innan Skíðasambandsins.

„Næsta skíðatímabil hefst í vor og við erum að leggja drög að næsta keppnistímabili. Það er stórt keppnisár þar sem Ólympíuleikarnir standa upp úr. Ég á frekar von á því að við bætum í og gefum fleirum tækifæri á þessu.“

kristinnpall@frettabladid.is

Tekjutap upp á 14 milljarða dala vegna faraldursins

ÍÞRÓTTIR Í nýrri skýrslu Forbes sem birtist um helgina, um fjárhagsleg áhrif kórónaveirufaraldursins á íþróttalíf í stærstu íþróttageinum Bandaríkjanna, kemur fram að faraldurinn hafi kostað NBA, NHL, MLB, NFL og NCAA um 14,1 milljarð Bandaríkjadala í tekjutapi.

Í upphafi faraldursins áætlaði viðskiptatímaritið Forbes, sem sérhæfir sig í fjármálageiranum, að frestun íþróttaviðburða í tvo mánuði myndi kosta deildirnar allt að fimm milljarða en í ljós kom að sú upphæð reyndist aðeins hluti af tekjutapi deildanna.

Í byrjun mars á síðasta ári bærust fréttir af því að ákveðið hefði verið að fresta öllum leikjum NBA-deildarinnar í körfubolta á meðan leikur Denver Nuggets og Dallas Mavericks stóð yfir. Stuttu seinna

Um 70 prósent af tekjum NHL-deildarinnar koma frá áhorfendum á leikdegi.

fóru sömu fréttir að heyrast af NHL-deildinni í íshökkii, MLB-deildinni í hafnabolta, úrslitakeppninni í háskólakörfuboltanum (e. NCAA March Madness) og stærri íþróttaviðburðum á borð við EM og Ólympíuleikana.

Með ströngum sóttvarnareglum og með úrslitakeppni í búbbli og styttingu tímabilsins tókst að ljúka tímabilinu í íshökkii, hafnabolta, körfubolta og NFL-deildinni í amerískum ruðningi. Ekkert varð



Íþróttadeildir í Bandaríkjunum hafa reynt að lifga upp á hliðarlínurnar með því að setja pappaspjöld í tóm sæti milli áhorfenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

af úrslitakeppninni í háskólakörfubolta sem er einn af stærstu viðburðum bandarísks íþróttalífs ár hvert.

Leikirnir fóru flestir fram fyrir luktum dyrum, sem hafði gríðarleg fjárhagsleg áhrif, enda kemur stór hluti teknanna frá aðgangseyri.

Um 70 prósent af tekjum NHL-deildarinnar í íshökkii koma frá áhorfendum á leikdegi en deildin fór nýstárlegar leiðir til að afla tekna, meðal annars með auglýsingum á hjálmum leikmanna. Með því tókst að brúa bilið og varð NHL aðeins af 720 milljónum í tekjum á milli tímabila. Til samanburðar varð NFL-deildin af fimm milljörðum, MLB-deildin í hafnabolta af 6,5 milljörðum dala, NCAA af milljarði dala og NBA-deildin af 780 milljónum dala. – kpt

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 10. mars 2021



Harry og Megan í viðtali við Oprah Winfrey sem vakti mikla athygli.

Kjöllinn lýsir sjálfstæði

Það var ekki eingöngu viðtalið við Meghan Markle og Harry sem vakti athygli um allan heim. Helstu vefmiðlar hafa sömuleiðis fjallað um kjöllinn sem Meghan klæddist. Hann var ekki valinn af handahófi, segja sérfræðingar, því hann er táknberi.

Mikilvægt tákn

Meghan var klædd svörtum kjól úr silki. Kjöllinn er með V-hálmáli og skreyttur hvítum lótusblómum yfir hægri öxl. Lótusblómið er mikilvægt tákn í nokkrum menningarheimum. Það táknar meðal annars sköpun og upphaf en á sama tíma sýnir það hreinleika. Lótusblóm er eitt af þekktustu táknum búddisma. Sagt er að Siddhartha prins (Búdda) hafi sem nýfætt barn stadið upp og gengið áfram sjö skref. Við hvert skref spratt upp lótusblóm.

Armani-kjöll

The New York Times segir að kjöllinn sé valinn af kostgæfni enda muni hann verða táknmynd þessarar sjónvarpsútsendingar ekki síður en þau fót sem Diana klæddist í eftirminnilegu viðtali við BBC árið 1995.

Kjöll Meghan er frá Armani og kostar nálægt sjö hundruð þúsund krónum. Að hún hafi valið kjól frá ítölskum hönnuði í stað hönnuða frá Bretlandi eða Bandaríkjunum er sömuleiðis tákn um sjálfstæðis-yfirlýsingu hennar. Það sama gerði Diana eftir skilnaðinn við Karl. Í viðtalinu bar Meghan demant-skreytt armband frá Cartier sem var í eigu Diönu.

elin@frettabladid.is

Íslensk hráefni fyrir þína liðaheilsu



EYLIF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

40-70% afsláttur

LAGER HREINSUN á flísum

Verð frá kr. 597 pr.m²

MÚRBÚÐIN



Lilja Kjalarsdóttir er doktor í líflæknisfræði frá Bandaríkjunum og framkvæmdastjóri líftækni fyrirtækisins SagaNatura. Hún segir það mikið atriði að fólk þekki einkenni blöðruvandamála, enda séu þau algengari en fólk gerir sér grein fyrir. SagaPro inniheldur virkt efni úr ætíhvönn sem róar blöðruna.

Falinn og oft vangreindur vandi

Blöðruvandamál eru algeng hjá fólki á öllum aldri. Ein sterkasta vísbendingin um að blaðran sé ekki upp á sitt besta er þegar fólk vaknar ítrekað á nóttunni til að fara á klósettið. **2**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. mars 2021

10. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Glæsilegt úrval heimsþekktra
vörumerkja

MICHELSEN
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

Alvotek fær um 4,5 milljarða

Líftæknifyrirtækið kláraði 35 milljóna dala fjármögnun í síðustu viku. Fyrsta sinn sem íslenskir fjárfestar leggja fyrirtækinu til hlutafé.

2

Flugmenn með 3% í Icelandair

Atvinnuflugmenn eiga hátt í þriggja prósentu hlut í Icelandair eftir hlutafjárútböð félagsins. Það er til viðbótar við eignarhlut EFÍA sem nemur um einu prósentu.

2

Tug milljarðar leitað á markaðinn

Horfur eru á að fyrirtæki í Kauphöll muni greiða hluthöfum 49 milljarða króna. Skráð fyrirtæki komu flest nægjanlega vel út úr COVID-19 til að geta greitt út arð.

4

Creditinfo metið á 30 milljarða

Creditinfo Group verðmetið á hátt í 30 milljarða af LLC sem keypti meirihluta hlutafjár. Sænska Kamprad-fjölskyldan, kennd við IKEA, stærsti hluthafi sjóðsins.

8

Stærsta spurning kosninganna

Hvernig flokkarnir ætla að styðja við hraða viðspyrnu ferðaþjónustunnar – og þar með viðspyrnu efnahagslífsins – er ein stærsta spurning komandi kosninga.

10

Hagstæð raforka var samkeppnisforskotíð

Forstjóri Elkem á Íslandi segir að hagstætt orkuverð hafi alla tíð verið samkeppnisforskot Íslands, en því sé vart að skipta lengur. Síðasta ár var hið erfiðasta í rekstri Elkem frá upphafi, en nýtt ár fer töluvert betur af stað. ➔6



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



*GUCCI

Nýtt - sólgleraugu 2021
www.opticalstudio.is



Í Landsbankaappinu getur þú sinnt fjármálunum á ferðinni, stofnað reikninga, kort og margt fleira sem sparar sporin og einfaldar reksturinn.

ÞAÐ ER LANDSBANKI
NÝRRA TÍMA

Einfaldari rekstur með Landsbanka- appinu

Haraldur Baldursson
Eigandi HB tækniþjónustu

SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á mottumars.is



Krabbameinsfélagið





Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi, segir að mögulegt sé að nýta affallsgufu frá framleiðslunni til uppsetningar á 25 megavatta virkjun. Í Noregi hefur hið opinbera komið að fjármögnun

Erfitt ár að baki á Grundartanga

Álfheiður Ágústsdóttir tók nýverið við sem forstjóri Elkem á Íslandi, en fyrirtækið á sér langa sögu á Íslandi. Gerðardómur um raforkuverð til fyrirtækisins sem féll árið 2019 gróf undan samkeppnishæfni þess, en mettap varð á rekstri fyrirtækisins í fyrra.

Þórður
Gunnarsson
thg@frettabladid.is



Álfheiður Ágústsdóttir hefur starfað hjá Elkem nánast alla sína starfsævi, en hún hóf fyrst störf hjá fyrirtækinu sem sumarstarfsmaður árið 2006. Hún byrjaði í fullu starfi hjá fyrirtækinu árið 2009 og hafði unnið á fjármálavæðingu um nokkurra ára skeið áður en hún tók við sem forstjóri í september síðastliðnum.

Rekstur Elkem á Íslandi fór ekki varhluta af kórónakreppu síðasta árs, en árið var hið strembnasta í sögu fyrirtækisins frá upphafi að sögn Álfheiðar. „Grunnreksturinn hjá Elkem á Íslandi hefur alltaf gengið í sveiflum og frá árinu 2017 hefur hann verið brösóttur. Síðasta ár var hins vegar afskaplega grimmt. Þegar fyrsta bylgja faraldursins reid yfir urðum við vör við krampakennd viðbrögð hjá birgjum okkar og mikið af pöntunum barst til okkar. Mikið stökk var í sölu og við keyptum inn stóra lagera af hrá-

efni til framleiðslunnar.

Nokkrum vikum seinna hrundi eftirspurnin svo algjörlega. Sölu-teymið okkar stóð sig hins vegar afskaplega vel við að koma út afurðum til að koma í veg fyrir að verksmiðjan þyrfti að stoppa. Við tókum einn ofn af þremur úr rekstri í um tvo mánuði en svo gátum við sett í gang aftur vegna þess hve sölu-teymið stóð sig vel. Auðvitað voru verðin ekki góð þessum tíma en þetta varð engu að síður til þess að við gátum haldið öllu gangandi. Við þurftum því ekki að fara í uppsagnir eða annað slíkt sem var mjög ánægjulegt,” segir Álfheiður.

Um 170 manns starfa hjá Elkem Ísland en svo eru aðrir 50 til 60 verktakar sem starfa á verksmiðju-svæðinu á hverjum degi, að sögn Álfheiðar: „2020 var hins vegar afkoma verksmiðjunnar verst frá upphafi. Verð voru lág á markaði og kostnaður okkar vegna raforkukaupa hefur verið síðan afar hár eftir að gerðardómur um raforkuverð okkar lá fyrir.“

Álfheiður segir að fyrirtækið sé ýmsu vant. „Við lítum á þetta sem áskoranir og við leitum sífellt lausna og reynum að nýta tækifæri

Saga Elkem á Íslandi í tæplega hálföld

Elkem er rótgróið fyrirtæki á Íslandi með langa sögu. Fyrirtækið var stofnað af íslenska ríkinu árið 1975 af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, þá undir heitinu Íslenska járnblendifélagið hf. í samvinnu við fyrirtækið Union Carbide. Elkem kom að rekstri fyrirtækisins árið 1976 þegar upphaflegur samstarfsaðili íslenska ríkisins dró sig út úr verkefninu. Elkem átti þá 45 prósent hlut á móti íslenska ríkinu sem hélt á 55 prósent hlut. Um skeið var hið japanska Sumitomo meðal hluthafa.

Elkem var orðið meirihluta-eigandi árið 1997, en árið 1998 var fyrirtækið skráð á markað. Íslenska ríkið átti hlut í fyrirtækinu allt til ársins 2002, þegar það seldi 10,5 prósent hlut sinn til Elkem, sem tók félagið svo af markaði árið 2003 og breytti nafni fyrirtækisins í Elkem Island.

sem nýjar aðstæður skapa okkur,” segir hún enn fremur.

Verðhrun á mörkuðum

Nánast allar hrávörur hrundu í verði síðasta vor eftir að iðnaðarframleiðsla stöðvaðist víða um heim. Verð á kísilmálm hefur hins vegar leitað upp á við að undanfögnu: „Verðin eru á finum stað núna og hafa verið að stíga hratt á síðustu mánuðum. Verðið stendur núna í 1.360 evrum á tonni sem er ágætt verð fyrir okkur. Væntingar standa til þess að verðið haldist út annan ársfjórðung. Lagerstaðan á heimsvísu er ansi lág um þessar mundir en það mun eflaust breytast á síðari hluta ársins, eftir því sem framleiðsla eykst víða um heim í kjölfar rekstrarstöðvuna á síðasta ári.

Við erum hins vegar vön miklum verðsveiflum. Eins og ég horfi á þennan rekstur þá koma góð ár og slæm ár og þess vegna þarf að horfa á meðalársemina yfir lengra tímabil. Ef núverandi verð á kísilmálm helst verður arðsemi á verksmiðjunni í ár. Hins vegar er spurning hvort arðsemin í ár verði nægilega mikil til að bæta upp fyrir tap síð-

ustu tveggja ára (rekstrartap ársins 2018 var 135 milljónir norskra króna).

Ársreikningur síðasta árs er tilbúinn og rekstrartap ársins var um 150 milljónir norskra króna (2,2 milljarðar íslenskra króna). Það hefur verið saga þessarar verksmiðju að það koma slæm ár og góð ár en meðalársemin yfir lengri tíma hefur verið viðunandi. En miðað við okkar kostnaðarumhverfi núna, sérstaklega með tilliti til raforkuverðsins, þá litur út fyrir að góðu árin verði töluvert magrari en við eigum að venjast.“

Gerðardómur kom illa út

Nýlega náðust samningur milli Landsvirkjunar og Rio Tinto um breytingar og viðauka við raforkusölusamning álfversins við Straumsvík. Álverðstenging var aftur tekin upp í samningunum, en stefna Landsvirkjunar síðustu ár hefur verið að tengja raforkuverð því sem gengur og gerist á evrópskum orku-mörkuðum fremur en að tengja raforkuverð við álverð. Nú er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn og Landsvirkjun hefur lýst sig reiðubúna til að taka aukna verð-

Stundarverð á 75 prósent hreinum kislímalmi á Evrópumarkaði (evrur/tonn)



Gætu minnkað losun um 90 prósent

Elkem á Íslandi losar á bilinu 400 til 450 þúsund tonn af koltvísýringi á ári hverju, sem samsvarar allt að 10 prósentum af heildarlosun á Íslandi á ári hverju. „Það er tækni fyrir hendi sem gæti dregið úr þessari losun um allt að 90 prósent. Þá er annað hvort hægt að dæla koltvísýringnum niður í jörðina með til að mynda tækni CarbFix eða framleiða aðrar hrávörur úr honum, til dæmis metanól, metan eða lífdísil. Svona verkefni kalla á miklar fjárfestingar og samstarf iðnaðar- og orkufyrirtækja. Elkem í Noregi hefur þegar hafið með stuðningi stjórnvalda hagkvæmniathugun á þessum möguleikum og kunna niðurstöður hennar að nýttast okkur hér. Þar komum við hins vegar aftur að framtíðarhorfum fyrir rekstur okkar hér á landi, fyrirsjáanlegu og samkeppnishæfu raforkuverði og aðkomu hins opinbera að fjárfestingum í slíkri nýsköpun. Fá einstök verkefni geta dregið jafn mikið úr vistspori Íslands. Stórir áfangar í umhverfismálum kalla á mikla samvinnu.“

Eru neðst á lista

Stefna Landsvirkjunar síðastliðinn áratug hefur verið að miða samningaviðræður við kostnaðarverð raforkunnar, sem Landsvirkjun áætlar um 30 dollara á megavattstund. „Landsvirkjun vill fá sambærilegt verð og aðrir raforkuframleiðendur í Evrópu. Það er fullkomlega skiljanlegt sjónarmið. Hins vegar viljum við líka fá sambærilegt verð og kaupendur í þeim löndum sem við berum okkur saman við, til að mynda í Noregi.“

Aðstöðumunurinn liggur í stuðningi við stóriðju. Þar er ég bæði að tala um endurgreiðslur vegna kostnaðar á kaupum á ETS-einingum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda en líka sjóði eins og hinn norska Enova. Þar er um að ræða framtakssjóð á vegum norska ríkisins sem fjármagnar grænar lausnir fyrir mengandi iðnað. Enova fjármagnar til að mynda þriðjung af fjárfestingu í tengslum við endurnýtingu orku frá kislímálmverum Elkem í Noregi. Elkem er núna að vinna fýsileikakönnun á því að fanga koltvísýring og endurvinnna orku fyrir allar sínar verksmiðjur og starfsemin hér á Íslandi er mjög hentug í þetta verkefni. Hins vegar erum við neðst á forgangslistanum hjá Elkem þar sem opinber stuðningur við grænar lausnir fyrir stóriðjuna er mikill í Noregi en nánast enginn hér. Stjórnendur Elkem velja auðvitað þá kosti fyrst sem eru hagkvæmastir. Sem sakir standa er það í Noregi. Elkem er mjög framsækið fyrirtæki í umhverfismálum en við hér á Íslandi sitjum svolítið eftir þar sem hið opinbera hefur ekki sýnt þessum málum sama áhuga og yfirvöld í Noregi og Kanada.

Framtíðaruppbygging í þessari grein er fjárfrek og því verður ekki farið í fjárfestingar með aðeins átta ára raforkusamning. Við þurfum samkeppnishæfara raforkuverð, sem er sambærilegt við það sem er í

Hér á Íslandi sitjum við svolítið eftir þar sem hið opinbera hefur ekki sýnt þessum málum sama áhuga og yfirvöld í Noregi og Kanada

Noregi, og lengri samningstíma. Við erum dýrasta verksmiðjan í Elkem í launakostnaði, þannig að það er ýmislegt sem vinnur á móti okkur í þessum efnun. Staðsetning okkar vinnur líka gegn okkur þar sem við þurfum að flytja inn allt hráefni,“ segir Álfhildur.

Orka var samkeppnisforskot

„Það var alltaf raforkuverðið sem gaf samkeppnisforskot hér á Íslandi. Þetta er hreinlega ekki lengur fyrir hendi og þessi verksmiðja yrði aldrei byggð í dag á þeim raforkuverðum sem eru í boði. Ég itreka að ég skil afstöðu Landsvirkjunar vel, en ef þetta á að ganga upp til lengri tíma þá þarf að skoða hluti eins og endurgreiðslur vegna kaupa á ETS-einingum. CO2-kostnaðurinn getur numið allt að einum þriðja af orkuverðinu og er stuðningur Norðmanna við sín fyrirtæki vegna þessa allt að tveimur þriðju af CO2-kostnaðinum á megavattstundina. Þeir nýta mengunarkvóta sem greiddir eru í ríkissjóð til að styrkja svona verkefni sem mér þykir skynsamlegt til að koma í veg fyrir kolefnisleka.“

Gætu virkjað 25 megavött

Möguleikar á virkjun affallsgufu verksmiðju Elkem gæti verið lykll að aukinni samkeppnishæfni verksmiðjunnar hér á landi, að sögn Álfheiðar. Við framleiðslu á kislímálm myndast hitaorka sem fer út í andrúmsloftið. „Hér væri hægt að setja upp orkuendurvinnslu sem væri um 25 megavött af uppsettu afli, sem samsvarar ríflega fimmtungi orkunotkunar okkar á hverju ári. Auk þess er hægt að nýta hann til hitaveitu. Mjög spennandi valkostir, en það kostar mikla peninga að fjárfesta í orkuendurvinnslu af þessu tagi.“

Á ríkissjóður þá að niðurgreiða rekstur stóriðjunnar?

„Þetta snýst ekki um það heldur að okkur sé ekki refsað tvisvar með koltvísýringstollum. Við erum nú þegar að kaupa ETS-einingar fyrir þeirri koltvísýringsslosun sem verksmiðjan hér er ábyrg fyrir og erum að nota hreina raforku til framleiðslunnar. Hins vegar er raforkuverðið hér að nálgast það sem tíðkast í Evrópu, en þar eru það kolaorkuverðin sem eru á jaðri kostnaðarkúrfunnar og hækka raforkuverðið með öllum sínum koltvísýringssitollum. Við erum því að borga tvisvar fyrir okkar losun, beint með kaupum á mengunarkvótum og svo óbeint því kolaorkuverðið smitar yfir á evrópska raforkumarkaðinn. Ef þessari verksmiðju verður lokað hér þá verður hún opnuð aftur í Kína, þar sem kol eru brennd til að framleiða sömu vöru, því eftirspurnin eftir kislímálm mun ekki minnka þó að Elkem á Grundartanga verði lokað.“

Að óbreyttum raforkusamningi er líklegt að eigendur skoði að loka henni. Við erum hins vegar að gera allt til að láta þetta ganga og það er mitt verkefni hér. En það segir sig sjálft að ef það er tap ár eftir ár þá mun verksmiðjunnin verða lokað,“ segir Álfheiður Ágústsdóttir.


slíkra verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þar var ákvarðað verð sem hvorki við né Landsvirkjun vorum ánægð með. Við erum hins vegar með kaupskyldu í þessum samningi og erum bundin af honum til ársins 2029.

áhættu með viðskiptavinum sínum. „Við erum alltaf í góðu samtali við Landsvirkjun. En það er ekkert að fréttu af okkar samningsmálum gagnvart þeim sem stendur, enda erum við föst með þennan úrskurð gerðardóms frá 2019,“ segir Álfheiður.

Elkem er meðal stærstu viðskiptavina Landsvirkjunar og kaupir ríflega eina teravattstund af raforku á ári hverju, sem svarar til um 7 prósentum af raforkuframleiðslu fyrirtækisins. Upphaflegur raforkusamningur Elkem og Landsvirkjunar tók gildi árið 1979 og var til 40 ára. Þegar endalok þess samnings nálgudust nýtti Elkem sér ákvæði í samningnum um að hann yrði framlengdur til tíu ára. Raforkuverð á þessu tíu ára tímabili var svo ákveðið af gerðardómi.

„Þar var ákvarðað verð sem hvorki við né Landsvirkjun vorum ánægð með. Við erum hins vegar með kaupskyldu í þessum samningi og erum bundin af honum til ársins 2029. Við erum augljóslega opin fyrir að tengja raforkuverð okkar afurðaverði og erum boðin og búin til að finna einhverjar lausnir á því máli.“



MARS TILBOÐ
12.900 KR.
(FULLT VERÐ: 18.880 KR.)

TAPAS PLATTI
32 STK.

- Kolkrabbi með trufflu-kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette í boxi
- Marineraðar lambalundir með lakkríssósu í boxi
- Djúpstektur humar í orly með aioli í boxi
- Beikonvafin hörpuskel og dödlur á spjóti með sætri chilli-sósu
- Nautaspjót með piparrótarsósu
- Kjúklingaspjót með alioli
- Tapassnitta með andabringu, aioli og mandarínu
- Tapassnitta með serrano hráskinku, piparrótarsósu og melónu



Í veislupjónustu okkar finnur þú frábært úrval veitinga. Veislutilboð, sælkera- og lúxusveislur fyrir sérstök tilefni og svo getur þú líka valið þína upphaldsrétti og hannað þína eigin veislu.

Skoðaðu úrvalið á tapas.is
Pantanir í síma 551-2344
og á tapas@tapas.is





Orkuver HS Orku í Svartsengi á Reykjanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lægra raforkuverð skili sér ekki til viðskiptavina

Viðskiptavinir HS Orku hafa ekki notið góðs af verðlækkunum raforkuframleiðandans að undanförunu vegna þess að verðskrár Landsnets og dreifiveitna hafa farið hækkandi á þessu ári. Þetta kemur fram í innsendu erindi HS Orku á samráðsgátt stjórnvalda vegna fyrirhugaðra breytinga á raforkulögum, sem meðal annars eiga að fela í sér breytingar á tekjumörkum fyrirtækja sem annast flutning og dreifingu raforku á Íslandi.

„Framleiðsla rafmagns hér á landi er umhverfisvæn sem skiptir máli í staðarvali þeirra fyrirtækja sem hingað kjósa að líta. En vegna fjarlægðar við markaði liggur forskot Íslands oftar en ekki í því að verð á umhverfisvænni orku sé samkeppnishæft í samanburði við það sem stendur til boða í samkeppnislöndum okkar, eins og á hinum Norðurlöndunum, öðrum Evrópulöndum eða Kanada,“ segir í

erindi raforkuframleiðandans.

Raforkuverð hafi farið lækkandi á þeim mörkuðum sem Ísland er í samkeppni við og HS Orka hafi brugðist við því með verðlækkunum. Sökum aukins kostnaðar við flutning og dreifingu raforku, hafi lækkanir ekki skilað sér að fullu til notenda. Þar með sé grafið undan samkeppnishæfni íslenska raforkumarkaðarins.

Í umsögn Norðurlágs um sama mál kemur fram að lækkun flutningskostnaðar sé nauðsynleg svo Ísland geti búið upp á samkeppnishæft orkuverð. „Þrátt fyrir ábendingar Fraunhofer, Deloitte, orkunotenda, -framleiðenda og -seljenda, um að hér stefni í óefni er niðurstaðan sú að litid sem ekkert verði að gert,“ segir í umsögn Norðurlágs. Í umsögn Landsvirkjunar er sambærilegt stef, en þar segir að breyting á tekjumörkum Landsnets þurfi að vera „marktæk“ ef treysta eigi samkeppnisstöðu Íslands. – thg



Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, fer með 35 prósentu hlut eftir sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Creditinfo verðmetið á hátt í 30 milljarða

Creditinfo Group var samkvæmt heimildum verðmetið á hátt í 30 milljarða af sjöðnum LLC sem keypti meirihluta hlutafjár. Sænska Kamprad-fjölskyldan, kennd við IKEA, er stærsti hluthafinn í LLC. Höfuðstöðvarnar fari úr landi.

Kaupverð bandaríska framtakssjóðsins Levine Leichtman Capital Partners (LLCP) á meirihluta hlutafjár Creditinfo Group, móðurfélags Creditinfo á Íslandi, samsvarar því að íslenska félagið sé verðmetið á allt að 30 milljarða króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stærsti hluthafi sjóðsins samanstendur af afkomendum stofnanda IKEA-keðjunnar.

„Ég var í öikumannssætinu, færði mig yfir í farþegasætið og er núna kominn aftur í,“ segir Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, um aðkomu sína að félaginu eftir sölu. Eins og fram kom í tilkynningunni um kaupin í gær heldur Reynir sæti í stjórn og er jafnframt annar stærsti hluthafi félagsins eftir sölu. Reynir, sem átti fyrir 70 prósentu hlut, heldur eftir 35 prósentu hlut.

Kaupverðið miðar við að fyrirtækið sé í heild sinni metið á 20-30 milljarða króna – endanleg fjárhæð veltur á ákveðnum fjárhagslegum markmiðum – og má því ætla virði hlutarins sem Reynir selur núna sé metinn á allt að 10 milljarða.

Creditinfo sérhæfir sig í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og ráðgjöf tengdri áhættumati og áhættustýringu fyrirtækja. Áratugum saman hefur fyrirtækið boðið gögn, áhættustýringu og lausnir á sviði útlána til nokkurra stærstu lánveitenda, ríkisstjórna og seðlabanka heims. Fyrirtækið var stofnað á Íslandi 1997 og hjá því starfa rúmlega 400 manns í yfir 30 starfsstöðvum um allan heim. Reynir steig til hliðar sem forstjóri fyrir meira en þremur árum eftir að hafa staðið í brúnni í tuttugu ár.

„Það má segja að að ferlið hafi hafist þá vegna þess að ef þú ert bæði eigandi og forstjóri þá geturðu ekki selt fyrirtæki nema með því að selja sjálfan þig með. Kaupendur vilja ákveðinn stöðugleika,“ segir

Ef ég ætti að gefa ungum frumkvöðlum heilræði þá væri það að halda fast í sköpunarverkið eins lengi og þú getur.

Reynir. Fyrir um einu og hálfu ári hófst síðan leit að kaupanda sem tafðist vegna kórónukreppunnar.

Kaupandinn LLC er með um 11,7 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.500 milljarða króna, í stýringu og hefur fjárfest í yfir 90 fyrirtækjum. Reynir segir að einn stærsti hluthafinn í sjöðnum sé sænska Kamprad-fjölskyldan, afkomendur Ingvars Kamprad, stofnanda IKEA-keðjunnar. „Þetta eru alvöru fjárfestar,“ bætir Reynir við.

Saga LLC, teygir sig 37 ár aftur í tímann. Frá stofnun hefur sjóðurinn haft umsjón með um það bil 11,7 milljörðum Bandaríkjadala af stofnanafjármagni í 14 fjárfestingarsjóðum og hefur fjárfest í yfir 90 fyrirtækjum.

Ólíkt mörgum framtakssjóðum sem leita bágstaddra fyrirtækja sem fast fyrir lítið, hefur LLC þá nálgun að finna vel rekin fyrirtæki að sögn Reynis. „Það verður ekki mikil breyting, þeir halda líklega áfram á sömu braut og eru í raun heppilegri eigandi en ég er. Það eru mikil tækifæri fölgín í því að kaupa fyrirtæki í sama geira og sameina þau en ég sem eigandi hef ekki fjárhagslegt bolmagn í það.“

Í tilkynningunni um kaupin var haft eftir Paul Randall, forstjóra Creditinfo Group, að mikil tækifæri fælust í því að fá LLC inn í hluthafahópinn.

„Með aðkomu nýs, reynslumikils og kröftugs fjárfestis, sem styður við markaðssókn og vöxt fyrirtækisins, verður mögulegt að styrkja

enn frekar vöruframboð okkar á sviði áhættugreiningar og fjárfækni,“ sagði Randall. Hann sagði sterka stöðu Creditinfo á bæði þróuðum mörkuðum og nýmörkuðum renna stöðum undir „umtalsverða vaxtarmöguleika“.


Creditinfo hagnaðist um 3,38 milljónir evra á árinu 2019, sem var meira en tvöföldun frá árinu áður. Heildartekjur Creditinfo á árinu 2019 námu um 46,7 milljónum evra, en þar af var um tíundi hluti vegna starfsemi í Afríku. Gera áætlanir fyrirtækisins ráð fyrir að tekjuvöxtur rekstrareininga í Afríku geti numið 30 prósentum á ári næstu tvo áratugi. Hins vegar kom nokkurt bakslag í starfsemi Creditinfo í Afríku vegna farsóttarinnar.

Mögulegt er að höfuðstöðvar Creditinfo verði fluttar úr landi. Vandfundin eru íslensk fyrirtæki sem hafa jafn víðtæk umsvif á erlendri grundu og Creditinfo. Höfuðstöðvarnar eru á Höfðabakka en minnkandi vægi starfseminnar á Íslandi og nýtt eignarhald gæti á endanum breytt því. „Vægi starfseminnar á Íslandi hefur minnkað hægt og rólega í gegnum tíðina og það mun væntanlega halda áfram,“ segir Reynir. Stjórnendahópur og stefna Creditinfo á Íslandi er hins vegar óbreytt.

Spurður um heilræði fyrir íslenska frumkvöðla leggur Reynir áherslu á úthald og þolinmæði.

„Stundum sé ég Íslendinga þróa sniðuga hugmynd, setja hana á markað og selja síðan reksturinn eftir fáein ár. Jafnvel fyrir nokkrar milljónir dala. Ef ég ætti að gefa ungum frumkvöðlum heilræði þá væri það að halda fast í sköpunarverkið eins lengi og þú getur. Þá geturðu náð langt.“

Aðspurður segist Reynir ekki vita hvað hann ætli að taka sér fyrir hendur. „Ætli maður verji ekki tíma og pening í að hjálpa til að búa til störf í þessu ástandi. Ég verð að gera eitthvað.“ thorsteinn@frettabladid.is



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ
Í SAMVINNU VIÐ WAGNER

148.900 kr.

LISTAVERÐ: 229.900 KR.

FAGADILAR MÆLA MED WAGNER



Elís Þór Rafnsson
sjúkrálfari




SITJUM Á HREYFINGU!

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki.

Hreyfingin miðar að því að léttu álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar.

EINU STÓLARNIR MED



Dondola

360°

VELTITÆKNI

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



Skotsilfur



Þéttari varnir

Það fór ekki mikið fyrir tilkynningunni sem ASÍ og SA sendu frá sér fyrir helgi. Þar var greint frá því að samtökin hefðu gert breytingar á kjarasamningi aðila um lífeyrismál sem miða að því að á rétta sjálfstæði stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Eftir breytingarnar er tilnefningaraðilum heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns í lífeyrissjóði á grundvelli laga og samþykktu lífeyrissjóðs. Tilkynna þarf stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðum með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir og reglur. Síðasta sumar lýsti **Ásgeir Jónsson** seðlabankastjóri því yfir að hann myndi beita sér fyrir því að sjálfstæði stjórnarmanna yrði tryggt til frambúðar. Tilefnið var, tilraunir VR til að hafa afskipti af ákvörðun LIVE um þátttöku í hlutafjárútboði Ícelandair þar sem hótað var að afturkalla umboð þeirra stjórnarmanna sem færu gegn tilmælum VR. Ólíklegt er að verkalýðsforystan vilji flagga því sérstaklega að þessum breytingum hafi verið náð í gegn.



Nýr formaður

Breytingar verða á stjórn Marels á aðalfundi félagsins í næstu viku þegar Ásthildur Ottharsdóttir, sem hefur verið formaður stjórnar frá 2013, hverfur á braut en Svafa Grönfeldt, sem á sæti í stjórnun Össurar og Ícelandair, kemur ný í stjórnina. Talið er næsta vist að **Arnar Þór Másson** muni taka við stjórnarformennsku í félaginu eftir aðalfundinn en hann hefur setið í stjórn Marels samfelld frá árinu 2001. Arnar Þór er barnabarn Sigurðar Egilssonar, sem stofnaði fyrirtækið Sigurplast og var einn af þeim fyrstu sem keyptu hlutabréf í Marel, en fjölskylda hans fer í dag með samanlagt um tveggja prósentu hlut í félaginu, sem er metinn á um 14 milljarða króna.



Af sem áður var

Þegar til stóð að taka upp þrefalda skimur á landamærum sagði **Þórólfur Guðnason**, sóttvarnalæknir, að ekki væri hægt að halda því fram að aðgerðir væru strangar. „Ef eitthvað er þá held ég að aðgerðir hér séu með þeim vægari í Evrópu,“ sagði Þórólfur á upplýsingafundi þann 18. febrúar, degi áður en núgildandi fyrirkomulag tók gildi. Tæpum þremur vikum síðar, þann 4. mars, var sami maður spurður hvort dæmi væru um það erlendis að farþegar framvísuðu neikvæðum PCR-prófum greindust svo með COVID-19 á landamærum. Sóttvarnalæknir hafði ekki svör við því, enda væri fyrirkomulagið hér á landi strangara en víðast hvar annars staðar.



Litríkir stuðningsmenn



Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, hélt pólitískan fund með stuðningsmönnum sínum í borginni Kolkata. Sumir þeirra mættu málaðir flokksmerkjum Bharatiya Janata Party en allavega einn lét mála andlit Modis á bringuna. Í febrúar gaf fjármálaráðherra Indlands þau fyrirheit að selja þrettán ríkisfyrirtæki, þar af tvo banka, flugfélag og líflyggingafélag. Ólífvanlegum fyrirtækjum sem ekki er hægt að selja verður lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hægari viðspyrna, verri líf skjör



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Eitt af því sem sífellt er fjallað um undanfarna mánuði er mikilvægi þess að efnahagslífið nái hraðri viðspyrnu. En af hverju skiptir það máli? Hægari viðspyrna þýðir að fyrirtækin munu ekki geta ráðið jafn margt starfsfólk, það þýðir meira atvinnuleysi í lengri tíma, það þýðir að það verður ekki hægt að hækka laun. Hægari viðspyrna þýðir að neikvæð áhrif atvinnuleysis verða meiri, og að þau fara að birtast í meiri mæli í heilsufarsvandamálum, fjárhagsvandamálum og svo framvegis. Áhrif þess að viðspyrnan verði hægari munu líka birtast í auknum erfiðleikum ungs fólks, meira atvinnuleysi, fjárhags-erfiðleikum og auknum geðrænum vandamálum.

Allt hefur þetta þau áhrif að þörf fyrir aukna opinbera þjónustu velferðarkerfisins eykst, á tíma þar sem stjórnmalámennt þurfa að vera að vinna upp taprekstur ríkissjóðs. Þörf fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins eykst, halda þarf betur utan um fólk í menntakerfinu til að koma í veg fyrir uppflokkun úr námi, sem er þekkt afleiðing efnahagskreppa. Sameiginlega leiðir þetta til aukinnar hættu á því að samfélagið ráði ekki við að búa til verðmæti til að standa undir auknum kostnaði til lengri tíma.

Svarið felst í að styðja við verðmætasköpun

Fyrst verðum við að átta okkur á því að við erum stödd í skaðaminnnkunarverkefni. Skaðinn er orðinn, það mun alltaf verða skaði. Okkar hlutverk er að haga aðgerðum og ákvörðunum þannig að skaði samfélagsins í heild verði



Það er ekki nóg að auka skattlagningu. Skattar skapa ekki verðmæti. Verðmætin verða til með auknum umsvifum í fjölbreyttu atvinnulífi.

sem minnstur. Því að á endanum snýst þetta alltaf um að verja lífskjör þjóðarinnar í heild, að tryggja að fólk hafi vinnu, að verja kaupmátt fólks, að sjá til þess að lífskjör þjóðarinnar skerðist ekki til langframa vegna tímabundins kreppuástands.

Ef viðspyrnan verður hægari en möguleiki er á, eykst heildarskaði samfélagsins. Skynsamlegasta leiðin til að takmarka skaðann, og í raun eina leiðin sem er í boði, er að hraða viðspyrnunni, auka verðmætasköpun eins hratt og hægt er. Sjá til þess að fyrirtæki geti tekið hratt við sér, ráðið fleira fólk og fyrr, búið til meiri verðmæti hraðar og skilað tekjum í opinbera sjóði.

Það er ekki nóg að auka skattlagningu. Skattar skapa ekki verð-

mæti. Verðmætin verða til með auknum umsvifum í fjölbreyttu atvinnulífi. En það gerist ekki af sjálfu sér. Stuðnings er þörf.

Rekstrarumhverfi og samkeppnishæfni eru ekki bara orð á blaði

Til þess að atvinnulífið geti búið til þau auknu verðmæti sem þarf til að verja lífskjörin, nógu hratt til að minnka skaðann eins og hægt er, þurfa stjórnvöld að skapa aðstæður til þess. Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja er afar erfitt. Á því þarf að gera breytingar, annars mun of há kostnaður og flækjur í rekstri hamla atvinnutækifærum og verðmætasköpun. Það þarf að gera breytingar til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, annars mun léleg samkeppnishæfni hamla atvinnutækifærum og verðmætasköpun. Og það þarf að gera þetta í alvörinni og gera það hratt, ekki skipa nefndir.

Ferðaþjónustan er sú útflutningsatvinnugrein sem getur tekið hraðast við sér þegar aðstæður skapast á ný. Verið fljót að ráða fólk í vinnu, verið fljót að búa til tekjur fyrir samfélagið. Þess vegna er augljóst að það hvernig stjórnmalaflokkarnir ætla að styðja við hraða viðspyrnu

ferðaþjónustunnar – og þar með hraða viðspyrnu efnahagslífsins, er ein stærsta spurning komandi kosninga. Hvernig verður rekstrarumhverfið lagfært? Ekki hvort. Hvernig verður samkeppnishæfni greinarinnar færð til betri vegar? Ekki hvort.

Hindranir á vegi ferðaþjónustu skapa hættu fyrir alla

Það er eðlilegt að fjölmiðlar og opinber umræða um ferðaþjónustu snúist mikið til um næsta sumar og mögulega afkomu greinarinnar á næstu mánuðum. En í raun ætti samfélagið að vera að ræða um það hvernig hægt er að tryggja að þessi atvinnugrein geti áfram verið drifkraftur verðmætasköpunar og atvinnuþróunar um allt land næstu tíu árin, hvernig við tryggjum að hún hafi áfram jafn jákvæð áhrif á stöðugleika, efnahagsþróun og atvinnutækifæri og hún hafði síðustu tíu ár.

Þá spratt ferðaþjónustan upp af sjálfri sér og samfélagið hljóp á eftir. Núna þarf samfélagið að hlaupa á undan og ryðja hindrunum úr vegi. Það hversu hratt er hlaupið ræður því hvað skaðinn verður að endingu stór.

Argentínumaður flytur til Íslands

Svipmynd

Diego Areces

Menntun:

Meistaragráða í rafmagnsverkfræði frá Buenos Aires-háskóla og CSS í stjórnun frá Harvard.

Störf:

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá DT Equipment frá nóvember. Starfaði hjá Schneider Electric samsteypunni frá 2000 til 2020 meðal annars sem framkvæmdastjóri námu-, jarðefna- og málmsviðs, sem aðstoðarframkvæmdastjóri stafrænna og IoT lausna og sem yfirmaður miðstöðvar fyrir sjálfvirkni í iðnaði. Starfaði í Peking, Boston og Seúl.

Fjölskylda:

Kvæntur og á tvo uppkomna syni sem vinna fyrir tæknifyrirtæki í Bandaríkjunum, annar býr í Atlanta og hinn í Chicago.

Diego Areces var ráðinn fyrir um hálfu ári sem framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá DT Equipment. DTE þróar tækni sem greinir fljótandi málmsýni og við það stýttist greiningartími á efnainnihaldi framleiðslunnar verulega. „Það er spennandi að starfa fyrir ungt sprotafyrirtæki sem mun umbýla rekstri álvera,“ segir hann.

Areces er frá Argentínu en flutti til Bandaríkjanna árið 1998 og er með bandarískan ríkisborgararétt. Hann bjó í Boston þar til hann flutti til Kína árið 2011. Árið 2017 flutti hann til Kóreu og bjó þar til ársins 2020 er hann flutti til San Fransisco.

Hvernig er fyrir mann frá Argentínu að flytja til Íslands. Er ekki alltof kalt hér?

Ég bjó í Boston í mörg ár. Þar er mun kaldara en á Íslandi. Það verður líka kalt í Kóreu. Ég set kuldann ekki fyrir mig en hef nokkrar áhyggjur af myrkrinu. En ég er svo heppinn að ég get bætt upp fyrir það með ferðalögum.

Hver er bakgrunnur þinn?

Ég hef verið í leiðtogahlutverki í viðskiptalífnum undanfarin 25 ár á alþjóðavettvangi, aðallega í iðnaðar- og orkugeiranum. Ég hefeinkum unnið að uppbyggingu, stækkun og breytingastjórnun innan alþjóðlegra fyrirtækja – og oft að öllum þessum þáttum samhliða. Segja má að ég hafi tekið þátt í fjórðu iðnbýltingunni frá upphafi þar sem ég leiddi innleiðingu nettengds stýribúnaðar fyrir Schneider Electric í upphafi aldarinnar.



„Ég hef verið í leiðtogahlutverki í viðskiptalífnum undanfarin 25 ár,“ segir Diego Areces. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég bjó í Boston í mörg ár. Þar er mun kaldara en á Íslandi.

eru einmitt kjarninn í starfsemi DTE. Innan fyrirtækisins starfar framúrskarandi hópur fólks og ég lít svo á að fyrirtækið búi yfir miklum möguleikum til nýsköpunar og vaxtar. Ísland er þekkt alþjóðlega sem brautryðjandi í sjálfbærri orkuframleiðslu og hér er mikið af hæfu fólki sem jafnframt hefur hlýtt viðmót og hefur tekið mér opnum örmum. Allir þessir þættir urðu til þess að ég ákvað að taka við starfi framkvæmdastjóra sölu- og markaðsmála hjá DTE.

Hvað getur þú sagt okkur um stöðu Íslands þegar kemur að tækniþróun?

Fyrir fram vissi ég ekki alveg við hverju ég átti að búast á Íslandi en ég dáist að því háa menntunarstigi, þeirri tæknilegu færni og þeim hæfileikum til nýsköpunar sem ég hef upplifað hérlandis. Á Íslandi er spennandi sprotaumhverfi og einstakar aðstæður til að prófa og sannreyna nýjar tæknilausnir í raunumhverfi í nánu og

traustu samstarfi við viðskiptavinum og birgja, með virkum stuðningi og þátttöku háskóla og opinberra rannsóknastofnana.

Við hjá DTE erum ánægð með að vera hluti af íslenska nýsköpunarumhverfinu og að geta lagt okkar lóð á vogarskálarnar í að breyta verkferlum í iðnaði, bæði hér á landi og erlendis. Ísland er mjög hentugur staður fyrir sprotafyrirtæki eins og DTE, sérstaklega þegar haft er í huga að Ísland er annað stærsta álframleiðsluland í Evrópu á eftir Noregi. Samvinna DTE við bæði Norðurál og Rio Tinto ISAL hefur verið ómetanleg fyrir vöxt og þróun fyrirtækisins. Starfsemi DTE hefur þar að auki margvísleg hliðaráhrif út í íslenskt atvinnulíf.

Hver eru næstu skref fyrir DTE?

Til skemmri tíma verður áhersla lögð á að halda áfram vinnu við að sannreyna tækni fyrirtækisins á verksmiðjugólfinu í samstarfi við viðskiptavinum í álframleiðslu, álblöndun og álendurvinnslu, sam-

hliða því að byggja upp net samstarfsaðila um allan heim, auk þess að prófa tæknina fyrir aðra málma og byggja upp innviði fyrirtækisins til að takast á við aukna framleiðslu og sölu á árinu 2022. Við munum áfram vinna náið með öðrum fyrirtækjum hérlandis og treystum á að stjórnvöld og aðrir hagaðilar haldi áfram að styðja við sprota- og nýsköpunarumhverfið.

Liður í þessu ferli er að ráða fleira starfsfólk, en við erum um þessar mundir að leita að drifandi og metnaðarfullu fólki í nokkrar nýjar stöður hjá okkur. Þetta eru spennandi tímar.

Hver verða þín næstu skref?

Ég er einnig í þann mund að flytjast búferlum til Íslands og hluti af tíma mínum næstu vikurnar mun af þeim sökum fara í að aðlagast betur íslensku samfélagi og læra meira um sögu þess og menningu, auk þess að njóta hinnar mögnuðu náttúru landsins og samskiptanna við fólkið sem hér býr.

Stjórnendur nýrra tíma



Sæmundur Sæmundsson stjórnarmaður hjá Festu miðstöð um samfélags-ábyrgð og sjálfbærni

Það dylst fáum að mannkynið stendur frammi fyrir gríðarmiklum áskorunum á komandi áratugum. Hnatræn hlýnun, fjölgun mannkyns, hnignandi vistkerfi og þverrandi náttúruauðlindir valda því að við þurfum að gera miklar breytingar á því hvernig við högum lífi okkar til frambúðar. Tækniframfarir og hugarfarir eru mikilvægar forsendur þeirra breytinga sem þurfa að eiga sér stað og það verða umfram allt fyrirtæki

sem munu knýja þær breytingar. Því er ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra mikil en tækifærin um leið ótæmandi.

Stjórnendur þurfa að aðlaga sig hratt að auknum kröfum um gagnsæi og upplýsingagjöf. Það er ekki nóg að hugsa eingöngu um hag eigenda, heldur allra haghafa. Haghafarnir eru eigendur, starfsmenn, viðskiptamenn og það samfélag sem fyrirtækið er hluti af. Tilgangur og stefna fyrirtækja þarf að vera skilgreind út frá þörfum allra haghafa. Viðhorf til fyrirtækja og mat á frammistöðu þeirra mun í síauknum mæli mótast af því hvernig þeim tekst að sýna fram á að þau séu í reynd að stuðla að betra samfélagi og hafi hag allra haghafa að leiðarljósi. Þeim fyrirtækjum sem tekst það mun vegna betur en hinum við að laða til sín fjármagn, að ráða til

Viðhorf til fyrirtækja og mat á frammistöðu þeirra mun í síauknum mæli mótast af því hvernig þeim tekst að sýna fram á að þau séu í reynd að stuðla að betra samfélagi og hafi hag allra haghafa að leiðarljósi.

sín og halda í bestu starfsmennina og að byggja sterkt samband við viðskiptavinum sína, stjórnvöld og samfélagið allt.

Stjórnendur verða að setja samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sinna og þátttöku þeirra í hringrásarhagkerfinu á oddinn. Þeir sem hafa ekki gert það nú þegar eiga á hættu að helta úr lestinni. Þeir sem þegar hafa hafið vegferðina við að breyta fyrirtækjum sínum með áherslu á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið þurfa að bæta í og gera enn betur. Aðstæðan er einföld: Það má engan tíma missa. Til þess að ná að þróa nýja tækni, bæta umgengni okkar við náttúruna og breyta neyslunum jarðarbúa þannig að raunhæft sé að ná til dæmis markmiðum Parísarsamkomulagsins höfum við aðeins 10 ár til stefnu. Þessi 10 ár þurfa að vera ár

framkvæmda, ekki undirbúnings. Það hefur orðið vitundarvakning á síðustu 2-3 árum hvað þessi mál varðar, en miklu betur má ef duga skal. Ábyrgð stjórnenda er mikil og reynir mest á þá sem leiðtoga við að innleiða þær breytingar sem þörf er á.

Verkefni sem mannkynið stendur frammi fyrir eru vissulega stór og krefjandi. En þeim fylgja líka gríðarleg tækifæri. Þróa þarf nýja tækni, nýjar framleiðsluáferðir, nýjar leiðir til samskipta og svo mætti lengi telja. Þeir leiðtogar og stjórnendur fyrirtækja sem einblína á tækifærin sem þessi mikilvægu verkefni kalla á, munu verða lykilþáttakendur í að byggja upp sjálfbæra framtíð, betri framtíð fyrir alla haghafa. Fyrirtæki sem verða svo heppin að hafa þessa stjórnendur innanborðs horfa fram á bjarta tíma.

SKOÐUN

Borsteinn Friðrik
Halldórsson



Vonlaus vottun

Rétt fyrir síðustu áramót var greint frá nýrri rannsókn á upplifun stjórnenda á áhrifum jafnlaunavottunar. Niðurstöðurnar voru í senn athyglisverðar og fyrirsjáanlegar. Rannsóknin byggði á viðtölum við stjórnendur hjá fyrirtækjum og stofnunum og var upplifun flestra viðmælanda sú að vottunin hefði að einhverju leyti önnur áhrif en markmiðið var með lagasetningu hennar. Hægt væri að uppfylla skilyrði jafnlaunavottunar þótt kynbundinn launamunur væri til staðar.

Það er ekki nóg með að jafnlaunavottunin sé gagnslaust tól, eða „tálsýn“, eins og sumir viðmælandur komust að orði, heldur er hún beinlínis íþyngjandi fyrir bæði atvinnurekendur og launþega, en á ólíkan hátt. Fyrir atvinnurekendur felur jafnlaunavottunin í sér „aukið skrifræði“ og „tilfærslu ákvörðunarvalds“ til miðlægra stjórnenda og vottunaraðila. Óvissan sem fylgir reglulegum úttektum vottunaraðila gerir atvinnurekendum erfiðara fyrir að bregðast við ef starfsmaður fær betra tilboð annars staðar.

